

Ár 2023, 16. október, kom úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar saman til að kveða upp úrskurð um kæru vegna kvörtunar A vegna tiltekinna ákvarðana B. Kveðinn var upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

nr. 2/2023

Úrskurðarnefndina skipa í máli þessu Eiríkur Elís Þorláksson lögfræðingur, *ad hoc* formaður, Elsa S. Þorkelsdóttir lögfræðingur og sr. Hreinn S. Hákonarson.

I. Málsmeðferð og kröfugerð aðila

Með bréfi, dags. 10. maí 2023, barst kvörtun frá A („kvartandi“) vegna tiltekinna ákvarðana B („gagnaðili“) sem varða kvartanda.

Kæran uppfyllir skilyrði 1. og 2. gr. starfsreglna um úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar nr. 36/2022-2023 og málið því tækt til efnislegrar úrlausnar.

Með bréfi 12. júní 2023 barst afstaða gagnaðila til kærunnar.

Kvartandi skilaði inn viðbótargreinargerðum 10. ágúst 2023 og 27. ágúst 2023 og gagnaðili skilaði viðbótargreinargerðum 19. ágúst 2023 og 4. september 2023. Að síðastnefndu greinargerðinni fram kominni tók úrskurðarnefndin málið til úrskurðar.

Endanleg kröfugerð kvartanda er „að viðurkennt verði að öll aðkoma biskups og ákvarðanataka í máli [kvartanda] sé ógild, þar með talið eftirfarandi ákvarðanir:

1. Ákvörðun 29. desember 2021 um að senda [kvartanda] í leyfi til 1. mars 2022.
2. Ákvörðun 24. febrúar 2022 um að C sinni starfi [kvartanda] í leyfi hans 1. mars til 1. maí 2022.
3. Ákvörðun 25. febrúar 2022 um að framlengja leyfi til 1. maí 2022.
4. Ákvörðun 29. apríl 2022 um að framlengja leyfi til 1. júlí 2022.
5. Ákvörðun 29. júní 2022 um að framlengja leyfið til 1. september 2022.
6. Ákvörðun 1. september um framlengingu leyfis.
7. Ákvörðun um að setja mál [kvartanda] í áminningarferli, 6. september 2022.
8. Ákvörðun sem birt var í fjölmiðlum 14. september 2022 um að víkja megi [kvartanda] úr starfi sóknarprests Digraneskirkju.
9. Öll aðkoma biskups að máli [kvartanda] sem enn er ólokið.“

Kröfugerð gagnaðila er að hafnað verði kröfu kvartanda um að viðurkennt verði að allar ákvarðanir gagnaðila er varði kvartanda og hans störf séu ógildar.

II. Helstu málavextir

Kirkjumálaráðherra skipaði kvartanda sóknarprest í Digranesprestakalli frá 1. ágúst 1995.

Samkvæmt gögnum málsins hófust afskipti gagnaðila af kvartanda, sem mál þetta lýtur að, á árinu 2021. Haldinn var fundur 29. desember þá á þar sem mætt voru meðal annars kvartandi, D framkvæmdastjóri biskupsstofu og gagnaðili. Í bréfi lögmans kvartanda til gagnaðila, dags. 3. janúar 2022, var vísað til þessa fundar. Kom fram í bréfinu að á fundinum hafi kvartanda verið tilkynnt munnlega að ónafngreindar samstarfskonur hans hefðu sakað hann um að hafa lagt sig í einelti og af þeim sökum væri gagnaðila nauðugur sá kostur að setja hann í tímabundið leyfi frá sóknarpreststörfum. Var í bréfinu þess krafist að sú ákvörðun yrði staðfest skriflega og rökstudd. Þá var krafist útskýringa á hinu meinta einelti sem kvartandi kannaðist ekki við.

Gagnaðili svaraði bréfi lögmans kvartanda með bréfi 6. janúar 2022. Í bréfinu kom fram að á grundvelli 59. gr. laga nr. 78/1997 um þjóðkirkjuna hefðu verið settar starfsreglur um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar nr. 330/2019. Einnig væri í gildi stefna þjóðkirkjunnar um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar auk þess sem verkferlar hvað þetta varðar væru fyrir hendi. Þá kom fram að á grundvelli starfsreglnanna og stefnunnar starfaði teymi þjóðkirkjunnar sem hafi verið skipað til að hægt væri að mæta kröfum sem reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. 1009/2015 og 14. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 gerðu til atvinnurekenda. Í bréfi gagnaðila kom enn fremur fram að með tölvuskeyti 21. desember 2021 hafi formaður teymisins tilkynnt mannauðsstjóra og biskupsritara að teymið tæki formlega fyrir mál sem snéri að kvörtunum þriggja starfsmanna Digraneskirkju og Hjallakirkju gagnvart kvartanda. Í tölvuskeyti formanns teymisins hefði verið óskað eftir því að kvartanda yrði veitt launað leyfi frá störfum á meðan forkönnun teymisins færi fram. Teyminu væri bæði rétt og skylt að leggja til breytingar á starfshögum eða aðrar öryggisráðstafanir teldi teymið það nauðsynlegt til að tryggja heilbriggt starfsumhverfi meðan mál væru til meðferðar. Biskup Íslands hefði fylgt fyrirmælum teymisins og gripi til viðeigandi ráðstafana. Þann 29. desember 2021 hafi fundur verið haldinn með kvartanda og hann þá upplýstur að hann yrði sendur í launað leyfi vegna beiðni teymisins. Heppilegra hefði verið að kvartanda hefði verið afhent skrifleg tilkynning um það og væri beðist velvirðingar á því að það hafi farist fyrir. Sú ákvörðun væri staðfest með bréfinu og væri ekki óskað eftir vinnuframlagi kvartanda á meðan málið væri til rannsóknar.

Með bréfi, dags. sama dag, 6. janúar 2022, sendi gagnaðili bréf á kvartanda þar sem efnislega hið sama kom fram og í bréfi gagnaðila til lögmans kvartanda. Í leyfi kvartanda fælist að hann mætti ekki setja sig í samband við presta eða aðra samstarfsmenn við prestakallið og að hann færi ekki á starfsstöð þess á meðan könnun teymisins færi fram. Kvartandi mætti ekki framfylgja áætlunum sínum um að vera með jarðarför. Þá kom fram að gengi kvartandi gegn þeim fyrirmælum kynni það að leiða til þess að biskupsstofu væri nauðugur sá eini kostur að grípa til annarra úrræða, svo sem að hefja áminningarferli.

Lögmaður kvartanda sendi bréf til gagnaðila og E formanns teymis þjóðkirkjunnar, dags. 7. janúar 2022. Í bréfinu kom meðal annars fram að kvartandi væri æviráðinn embættismaður og héldi réttindum sem slíkur þótt gerðar hafi verið breytingar á

lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins með lögum nr. 153/2019. Meðal þeirra réttinda sem hann nyti væru að honum yrði ekki veitt tímabundin lausn frá störfum með sama hætti og starfsfólki á almennum vinnumarkaði. Þrátt fyrir það hafi biskup, án þess að þekkja til ásakana í garð kvartanda, tekið ákvörðun um að setja kvartanda í tímabundið leyfi á þeim grundvelli að henni hafi borist tölvupóstur frá teymi þjóðkirkjunnar. Ekki hafi verið gætt að meðalhófi, andmælarétti og rannsóknarskyldu. Í bréfinu voru enn fremur gerðar athugasemdir við valdheimildir teymis þjóðkirkjunnar.

Þann 16. febrúar 2022 var tekin skýrsla af kvartanda hjá teymi þjóðkirkjunnar. Lögmaður kvartanda sendi teyminu bókun vegna málsins með tölvuskeyti 21. febrúar 2022 þar sem því var mótmælt að kvartandi hefði brotið af sér.

Lögmaður kvartanda sendi gagnaðila bréf, dags. 9. mars 2023. Í bréfinu var meðal annars rakið að kvartandi hefði verið settur í tímabundið leyfi. Enn fremur að 13. janúar 2022 hafi hann verið boðaður til fundar hjá teymi þjóðkirkjunnar þar sem honum hafi verið tilkynnt að þrjár samstarfskonur hans hefðu borið hann sökum um tiltekin ummæli. Í bréfinu var rakin fjölmiðlaumfjöllun um málið. Þá var því lýst að kvartandi teldi að gagnaðili bæri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem málið hefði valdið honum. Gagnaðili hafi virt að vettugi ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og reglur stjórnarsýsluréttar.

Drög að álitum teymis þjóðkirkjunnar voru send kvartanda 16. júní 2022. Í drögunum var farið yfir ýmsar ásakanir sem bornar höfðu verið á kvartanda. Enn fremur var í drögunum tekin afstaða til atvikanna. Í drögum að niðurstöðu kom fram að lokaniðurstaða teymisins yrði kynnt málsaðilum þegar teymið hefði farið yfir athugasemdir þeirra.

Af gögnum málsins verður ráðið að tímabundið leyfi kvartanda hafi verið framlengt 29. júní 2022 til 1. september það ár. Þannig kemur fram í álitum teymis þjóðkirkjunnar að „óskaði teymið eftir því við Biskupsstofu að leyfi [kvartanda] yrði framlengt til 1. september 2022. Var fallist á þá beiðni samdægurs.“

Lögmaður kvartanda gerði fyrir hans hönd athugasemdir við drög að álitum teymis þjóðkirkjunnar, dags. 7. júlí 2022. Voru meðal annars gerðar athugasemdir við verklag teymisins og fjallað um einstaka tilvik og ásakanir sem bornar höfðu verið á kvartanda.

Teymi þjóðkirkjunnar skilaði álitum sínu 29. júlí 2022 þar sem farið var ítarlega yfir málið, meðal annars einstaka ásakanir og tekin afstaða til þeirra. Í lok álitsins kom fram að það lægi fyrir að mati teymisins að kvartandi hefði í tíu tilvikum orðið uppvís að háttsemi sem stríddi gegn ákvæðum 3. gr. reglugerðar nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum, auk þess sem teymið mæti háttsemi hans í orði og athöfnum ósæmilega, óhæfilega og ósamrýmanlega starfi hans sem sóknarprests. Væri það mat teymisins að ekki yrði bætt úr þeim djúpstæða samskiptavanda og vantrausti sem ríkti á vinnustaðnum með utanaðkomandi ráðgjöf eða aðstoð. Þá væri það mat teymisins að ekki væri forsvaranlegt að tilteknum sex aðilum yrði gert að starfa áfram með kvartanda. Jafnframt að með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 70/1996 væru forsendur fyrir því að veita kvartanda áminningu í starfi.

Lögmaður kvartanda sendi bréf til gagnaðila, dags. 23. ágúst 2022, þar sem gerðar voru margvíslegar athugasemdir við niðurstöðu teymis þjóðkirkjunnar. Þá kom fram að framganga gagnaðila og teymisins hefði valdið kvartanda og fjölskyldu hans ómældum óþægindum og óbætanlegum skaða. Myndi hann leita réttar síns ef þess gerðist þörf. Skorað var á gagnaðila að lesa álit teymisins með hliðsjón af athugasemdum kvartanda og hefja viðræður við hann um sanngjarnar bætur til handa honum.

Gagnaðili sendi bréf til kvartanda, dags. 6. september 2022. Í því kom fram að upplýst væri um þau áform hennar að grípa til viðeigandi úrræða er vörðuðu háttalag kvartanda og framgöngu í starfi sóknarprests Digranes- og Hjallakirkju. Vísað var til niðurstöðu teymis þjóðkirkjunnar meðal annars um ósæmilega, ámælisverða og aðfinnsluverða háttsemi kvartanda. Vegna þessa áformaði gagnaðili að veita kvartanda skriflegt tiltal í samræmi við ákvæði 6.2.2 í kjarasamningi Prestafélags Íslands og þjóðkirkjunnar og skriflega áminningu samkvæmt 21. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins í ljósi þess að kvartandi nyti enn réttinda og bæri skyldur sem opinber starfsmaður. Vísað var til einstakra tilvika um hegðun kvartanda. Fram kom í bréfinu að samkvæmt lögum nr. 70/1996 væri unnt að segja kvartanda upp störfum bætti hann ekki ráð sitt. Þá kom fram að áður en ákvörðun yrði tekin um hvort forsendur væru til frekari aðgerða væri kvartanda veittur frestur til að koma að andmælum vegna áforma gagnaðila. Var þess óskað að skriflegar athugasemdir og andmæli bærust eigi síðar en 19. september.

Þann 14. september 2022 sendi gagnaðili tölvuskeyti til kvartanda með þremur fylgiskjöllum: tilkynningu til fjölmiðla, skjali sem nefndist „verksvið“ og samkomulagi. Í tölvuskeyti gagnaðila sagði meðal annars: „Reyndi að hringja í þig til að segja þér að á eftir verður send út yfirlýsing, sjá meðfylgjandi. Ég boða þig á fund á mánudaginn næsta kl. 14 hér í Katrínartúni til að fara yfir samkomulag og verksvið, sjá meðfylgjandi drög. Biðst afsökunar á að senda þetta ekki fyrr, en samkomulagið og verksviðið eru drög sem á eftir að ganga endanlega frá í samvinnu við þig.“ Í umræddum skjöllum um verksvið og samkomulag var gert ráð fyrir að gagnaðili hefði fallist á þá ósk kvartanda um að láta af embætti sem sóknarprestur í Digraneskirkju. Kvartandi myndi sinna starfi sérþjónustuprests eins og það starf var sérstaklega skilgreint í skjalinu um verksvið. Ráðningartími væri ótímabundinn og gagnkvæmur uppsagnarfrestur sex mánuðir.

Sama dag, 14. september, var tilkynningin, sem var fylgiskjal með framangreindu tölvuskeyti gagnaðila, birt á heimasíðu þjóðkirkjunnar. Þar kom fram að teymi þjóðkirkjunnar hefði lokið störfum vegna máls er varðaði kvartanir vegna sóknarprests í þjóðkirkjunni. Skýrsla teymisins væri ítarleg og vel unnin. Niðurstaða teymisins væri að sóknarpresturinn hefði í tíu tilvikum orðið uppvís að háttsemi sem stríddi gegn ákvæðum 3. gr. reglugerðar nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum auk þess sem teymið mæti háttsemi hans í orði og athöfnum, eins og henni hefði verið lýst, ósæmilega, óhæfilega og ósamrýmanlega starfi hans sem sóknarprests. Í tveimur tilvikum mæti teymið háttsemi sóknarprestsins svo að hann hefði orðið uppvís að orðbundinni kynferðislegri áreitni gagnvart tveimur þolendum og í þremur tilvikum af kynbundinni áreitni

gagnvart tveimur einstaklingum. Sóknarpresturinn hafi látið af störfum við prestakallið. Áformað væri að veita honum skriflega áminningu. Þjóðkirkjan myndi tryggja að það góða starf sem byggt hefði verið upp í prestakallinu yrði áfram við lýði og þeim sem það sæktu til blessunar. Þjóðkirkjan harmaði þann sársauka sem þolendur hefðu upplifað og að þjóðkirkjan hafnaði allri ofbeldismenningu og stæði ávallt með þolendum.

Lögmaður kvartanda sendi bréf til gagnaðila, dags. 20. september 2022, þar sem fram komu andmæli kvartanda vegna fyrirhugaðrar áminningar gagnaðila. Var meðal annars bent á að andmælaréttur kvartanda hefði verið fyrir borð borinn, að skilyrðum 21. gr. laga nr. 70/1996 um áminningu í starfi væri ekki fullnægt, að brotið hefði verið á rétti kvartanda að fá gögn málsins afhent og enn fremur gerðar verulegar athugasemdir að öðru leyti, þar á meðal um störf teymis þjóðkirkjunnar.

Með bréfi lögmanns kvartanda til gagnaðila, dags. 31. október 2022, var höfð uppi sú krafa að gagnaðili viki sæti í málinu. Var í bréfinu vísað til þess að gagnaðili hefði með bréfi tilkynnt kvartanda að áformað væri að veita honum meðal annars skriflega áminningu á grundvelli 21. gr. laga nr. 70/1996. Hafi kvartandi skilað andmælum við þeim áformum með bréfi, dags. 20. september. Enn hefði ekki verið tekin ákvörðun þar um. Væri málið því enn til meðferðar. Þrátt fyrir þessa málsmeðferð hefði verið birt tilkynning á vefsíðu þjóðkirkjunnar 14. september sem leiddi til þess að gagnaðili væri vanhæf til að taka ákvörðun í málinu samkvæmt 6. tölulið 1. mgr. 3. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Þá var vísað til þess að andmælaréttur hefði verið brotinn á kvartanda og að ekki hefði verið gætt að rannsóknarreglu við meðferð málsins.

Kvartandi kvartaði til umboðsmanns Alþingis með bréfi, dags. 1. desember 2022 sem lauk málinu með bréfi 8. júní 2022 þess efnis að kvörtun uppfyllti ekki skilyrði laga nr. 85/1997 um umboðsmann Alþingis til frekari meðferðar.

Með erindi til úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar 10. maí 2023 kvartaði kvartandi undan ákvörðunum gagnaðila og gerði kröfu um að tilteknar ákvarðanir yrðu ógildar.

III. Málsástæður aðila

1.

Í kæru, dags. 10. maí 2023, kemur fram að kvartandi byggir á því að gagnaðili hafi verið skipuð til embættis biskups Íslands af forseta Íslands til fimm ára frá og með 1. júlí 2012. Skipunartími hennar hafi framlengst sjálfkrafa um önnur fimm ár við lok þess skipunartíma lögum samkvæmt eða til 30. júní 2022. Frá þeim tíma hafi hún ekki verið endurkjörin og skorti að lögum umboð til að gegna embætti biskups. Af fjölmiðlaumfjöllun að dæma virtist gagnaðili bera fyrir sig að þar sem skipunartími biskups Íslands væri nú sex ár hafi hennar fimm ára skipunartími framlengst sjálfkrafa. Það fái ekki staðist. Rétt sé að kjörtímabil sé nú sex ár samkvæmt nýjum starfsreglum kirkjuþings um kosningu biskups Íslands sem hafi verið samþykktar á kirkjuþingi 2021-2022. Það geti þó ekki haft áhrif á lengd skipunartíma þeirra aðila sem skipaðir hafi verið fyrir setningu reglnanna, enda hvergi tiltekið að það skuli gilda afturvirk. Gagnaðili hafi enn fremur lýst því yfir í byrjun janúar 2023 að hún myndi sitja áfram sem biskup í 18 mánuði eða

til lengri tíma en sem næmi meintu sex ára kjörtímabili. Bent sé á að endurkjör hafi þegar farið fram hvað vígslubiskupa varði.

2.

Í athugasemdum gagnaðila, dags. 12. júní 2023, kemur fram að hún mótmælti lýsingu atvika sem birst hafi í kærnu kvartanda og hafnaði öllum málsástæðum hans. Varðandi þær breytingar sem hafi orðið á stöðu embættis biskups Íslands í kjölfar gildistöku nýrra þjóðkirkjulaga nr. 77/2022 væri vísað til minnisblaðs F hrl., dags. 20. mars. 2023, sem hafi verið unnið að beiðni gagnaðila í framhaldi af því að lögmaður kvartanda hafi haldið því fram á opinberum vettvangi að vegna umboðsskorts væru allar ákvarðanir gagnaðila í máli kvartanda ógildar. Niðurstaða minnisblaðsins væri sú að enginn vafi gæti leikið á umboði gagnaðila. Hún gegndi embættinu á grundvelli tímabundins ráðningarsamnings við biskupsstofu og á þeim grundvelli hafi biskup fullt umboð til að sinna þeim verkefnum sem honum væru falin með lögum og jafnframt ákvörðunarvald um einstök mál á grundvelli laga og/eða kirkjuhefðar. Þetta sé augljóst þegar haft væri í huga að ekki hafi verið boðað til biskupskjörs á grundvelli starfsreglna um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 9/2021-2022 eftir að skipunartími biskups sem embættismanns rann sitt skeið.

Þá kemur fram í athugasemdum gagnaðila að umræða um meint vanhæfi biskups hafi verið tekin á vettvangi kirkjuþings í kjölfar beiðni kvartanda 20. janúar 2023 en kvartandi hafi óskað eftir því að forseti kirkjuþings úrskurðaði um hvort biskup skorti hæfi til að fjalla um mál kvartanda. Í bréfi kirkjuþings til biskups, dags. 10. febrúar 2023, komi fram að forsætisnefnd kirkjuþings hafi ákveðið að afla utanaðkomandi lögfræðilegs álits G dósent við lagadeild Háskóla Íslands hafi verið falið að rita minnisblað um málið. Í minnisblaði hans, dags. 27. febrúar 2023, komi meðal annars fram að af ákvæðum starfsreglna um presta nr. 39/2022-2023 leiði að kirkjuþing hafi mælt fyrir um að biskup færi með ráðningu og yfirstjórn presta. Í reglunum fælist að hann fari almennt með yfirstjórn um starfsmannamál presta og þar með talið agavald og vald til að segja presti upp starfi séu skilyrði til þess. Í minnisblaðinu komi einnig fram að ekki þætti rétt að svo stöddu að taka endanlega afstöðu til álitaefna varðandi hver fari með ákvörðunarvald um sérstakt hæfi biskups til meðferðar starfsmannamála heldur yrði fyrst að fá afstöðu biskups til 4. gr. starfsreglna um þingsköp kirkjuþings nr. 11/2021-2022. Með bréfi forseta kirkjuþings til biskups, dags. 21. mars 2023, hafi því verið óskað eftir umsögn biskups um 4. gr. starfsreglnanna. Í umsögn biskups, dags. 24. apríl 2023, sé það rökstutt að það falli utan valdsviðs forseta kirkjuþings að fjalla um hæfi biskups Íslands.

Í athugasemdum gagnaðila kemur enn fremur fram að hún hafni því alfarið að hana hafi skort almennt eða sérstakt hæfi til að taka ákvarðanir um kvartanda og hans störf. Varðandi hið almenna hæfi þá gegni biskup starfi sínu á grundvelli ráðningarsamnings við þjóðkirkjuna. Biskup hafi þegið laun frá þjóðkirkjunni frá 1. júlí 2020 samkvæmt ákvörðun kjaranefndar þjóðkirkjunnar á hverjum tíma. Ekki sé ágreiningur á kirkjulegum vettvangi um umboð biskups til að gegna embættinu og sé nærtækast í því sambandi að benda á að með bréfi kjaranefndar til

biskups, dags. 10. apríl 2023, hafi kjaranefnd samþykkt breytingu á launakjörum biskups. Samkvæmt starfsreglum um kosningu biskups og vígslubiskupa nr. 9/2021-2022 sé það á forræði kjörstjórnar að ákveða hvenær kosning til biskupskjörs fari fram og hvenær henni ljúki. Slík ákvörðun sé háð samþykki forsætisnefndar kirkjuþings. Enn hafi ekki verið ákveðið hvenær næsta biskupskjör fari fram. Þar til nýr biskup hafi verið kosinn geti það ekki verið vafa undirorpið að núverandi biskup hafi fullt umboð til að gegna starfi sínu. Á grundvelli stöðu sinnar fari biskup almennt með starfsmannamál er varða presta, svo sem varðandi ráðningu, setningu erindisbréfa, agavald og ákvörðunarvald um að ljúka starfssambandi sé um það að ræða. Hvað varði hið sérstaka hæfi liggi ekkert fyrir um að biskup hafi sjálf haft hagsmuna að gæta af úrlausn málsins eða hafi áður komið að því með þeim hætti að valdi vanhæfi.

3.

Kvartandi sendi úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar athugasemdir við sjónarmið gagnaðila með bréfi, dags. 10. ágúst 2023. Í þeim kemur meðal annars fram að skýrt sé kveðið á um í lögum hvernig biskup skuli kjörinn, sbr. 10. gr. laga nr. 77/2021 um þjóðkirkjuna þar sem segi að um biskupskjör fari samkvæmt starfsreglum kirkjuþings. Í starfsreglum kirkjuþings um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 9/2021-2022, sem tekið hafi gildi 1. janúar 2022, sé kveðið á um hvernig staðið skuli að framkvæmd tilnefninga og kosninga. Starfsreglurnar hafi verið í gildi er skipunartíma gagnaðila lauk 30. júní 2022, en fram að gildistöku þeirra hafi verið í gildi starfsreglur nr. 333/2017 þar sem eftir sem áður hafi verið gert ráð fyrir að biskup væri kosinn í embætti. Þar sem kveðið sé á um hvernig biskup skuli valinn með lögum sé ekki unnt að víkja frá því með ráðningarsamningi eða með ákvörðun forseta kirkjuþings um að framlengja skipunartíma hans án kosninga þar sem því sé ekki að finna stoð í lögum eða starfsreglum. Í viðtali við H, forseta kirkjuþings, í Morgunblaðinu 27. júlí 2023, hafi enda komið fram að hún hafi sjálf ákveðið að framlengja starfstíma biskups um eitt ár. Aðspurð hafi hún sagt sig hvorki hafa haft umboð kirkjuþings eða annars konar heimild til gerningsins. Það hafi verið neyðarbrauð hjá henni að gera þetta og það samkomulag hafi gilt til 1. júlí 2023. Sagðist hún hafa gert samkomulagið við gagnaðila til að hjálpa henni svo hún væri ekki ein um að meta hæfi sitt. Hún hafi vitað að þetta væri á gráu svæði en ekki talið það skipta máli lengur þegar hún hafi veitt viðtalið. Aðspurð hvort biskup væri ekki umboðslaus fyrst H hefði ekki haft umboð til að framlengja skipunartíma hennar hafi hún svarað: „Algjörlega“. Virðist því forseti kirkjuþings fullkomlega meðvituð um að hún hafi ekki haft umboð til þess að framlengja starfstíma biskups um eitt ár.

Í bréfinu 10. ágúst 2023 segir enn fremur að undir rekstri þessa máls hjá úrskurðarnefnd hafi skyndilega komið fram ráðningarsamningur sem gagnaðili kveðist hafa gert við undirmann sinn hjá biskupsstofu, og samkvæmt greinargerð gagnaðila byggi hún umboð sitt á þessum samningi.

Í athugasemdum kvartanda kemur jafnframt fram að svo virðist sem ráðafólk innan þjóðkirkjunnar telji sér ekki skylt að fara að lögum og eigin starfsreglum. Þá virðist sem gagnaðili hafi tekið sér sjálfðæmi um starfslok sín og það látið athugasemdalaust. Hún ætli því að sitja sem fastast til 30. október 2024 þó skipunartími hennar hafi runnið út 30. júní 2022. Sé

Það alvarlegt ekki síst í ljósi þess að það sé þjóðkirkjan sem um ræði, og sérstaklega tekið fram í stjórnarskrá að málefnum hennar skuli skipað með lögum, sbr. 77. gr. stjórnskipunarlaganna nr. 33/1944. Þá mætti ætla að ráðamenn þjóðkirkjunnar teldu sér, öðrum fremur, rétt og skylt að fara að lögum. Málið sé alvarlegt, brotið sé á rétti þeirra sem eru í þjóðkirkjunni og dregið úr trúverðugleika kirkjunnar, sem rekin er mestmegnis af skattfé.

Hvað ráðningarsamninginn varði hafi hann ekkert gildi að lögum, enda engin heimild til að skipa, framlengja eða ráða biskup með ráðningarsamningi. Þess utan hafi undirmaður hennar sem samninginn gerði við hana, enga heimild til að ráða biskup til starfa.

Kvartandi segir jafnframt í athugasemdum sínum að allt hjál um kirkjuhefð, vinnurétt, ráðningarsamninga og að í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 77/2021 segi að gera eigi ráðningarsamning við þá embættismenn sem skipaðir höfðu verið tímabundið fyrir aðskilnað ríkis og kirkju hafi enga þýðingu, enda sé enn kveðið á um í lögum að biskup skuli kjörinn ólíkt þeim starfsmönnum sem ákvæðið eigi við um. Þá veki óumdeilanlega upp spurningar sú staðreynd að nýlega hafi farið fram kjör vígslubiskups í Skálholti og að við framkvæmd þeirra kosninga hafi verið farið að lögum og reglum, en lög aftur á móti virt að vettugi þegar komi að biskupi, æðsta yfirmanni þjóðkirkjunnar. Þá hafi ekki þýðingu hér nefndarálit sem vísað sé til í minnisblaði lögmanns gagnaðila. Umfjöllun um almenn mannauðsmál þjóðkirkjunnar og auglýsingar lausra starfa og ráðningar eigi einfaldlega ekki við í þessu máli. Sama með bréfasamskipti lögmanns biskups og kjaranefndar. Það sé ekki kjaranefndar að meta umboð eða umboðsskort biskups auk þess sem kjaranefnd þjóðkirkjunnar taki ákvörðun um kjör biskups.

Í athugasemdum gagnaðila segi jafnframt að ekki sé ágreiningur á kirkjulegum vettvangi um umboð hennar til að gegna embættinu en það sé ekki rétt, sbr. yfirlýsingar forseta kirkjuþings í fjölmiðlum sem og annars varaforseta kirkjuþings sem fullyrði bæði að biskup sé umboðslaus. Þá stoði ekki fyrir gagnaðila að bera fyrir sig að enn hafi ekki verið boðað til kosninga. Þegar starfstíma hennar hafi lokið samkvæmt skipunarbréfi hafi hún ekki lengur umboð til starfans. Þar sem biskup byggir sinn málatilbúnað á því að ráðningarsamningur hennar sé gildur verði þegar af þeirri ástæðu að fallast á málsástæðu kvartanda um umboðsleysi hennar.

Í athugasemdum kvartanda segi einnig að hvað sérstaka hæfið varði þá komi réttilega fram í minnisblaði G, sem biskup hafi aflað, að við beitingu hæfisreglna í stjórnarsýslulögum sé á því byggt að það geti valdið því að opinber starfsmaður sé vanhæfur ef hann taki sjálfur opinberlega afstöðu til máls, eftir atvikum áður en ákvörðun er svo tekin í málinu. Ljóst megi vera að gagnaðili hafi lýst afstöðu sinni um niðurstöðu máls kvartanda fyrir fram og á meðan andmælafresti hans stóð. Þá hafi gagnaðili enga ástæðu haft til að fara með málið í fjölmiðla sem ætla megi að hafi verið til þess eins að valda kvartanda tjóni eða að hampa sjálfri sér fyrir að standa gagnrýnislaust með meintum þolendum þar sem hún hafði verið gagnrýnd fyrir hið gagnstæða. Þá hafi meintir þolendur í málinu lýst því í fjölmiðlum að biskup hafi staðið með þeim og lýst yfir þökkum vegna þessa. Þannig segi til dæmis í frétt á www.visir.is að tilteknir prestar hafi hrósað gagnaðila fyrir skýra afstöðu með þolendum. Einn prestur hafi lýst því að gagnaðili hefði tekið skýra afstöðu með þeim þolendum í fjölmiðlum og hún væri þakklát fyrir stuðning hennar sem og starfsfólks biskupsstofu sem hafi verið ómetanlegur í þessu „erfiða ferli“. Þá sé ljóst að kvartandi hafi aldrei átt afturkvæmt í

Digraneskirkju. Jafnvel þótt teymi þjóðkirkjunnar hefði hreinsað hann af öllum þeim sökum sem hann hafi verið borinn þá hafi athafnir gagnaðila verið á þann veg að hún hafi ekki gert ráð fyrir að hann kæmi aftur. Hljóti afstaða gagnaðila og athafnir að leiða til þess að aðeins komi hér til álita hvort biskup sé bundinn af reglum stjórnsluréttar. Með vísan til þess að samkvæmt bráðabirgðaákvæði með lögum nr. 153/2019, sbr. síðar bráðabirgðaákvæði laga nr. 77/2021, haldi starfsfólk kirkjunnar, sem hafði verið skipað í embætti fyrir gildistöku laganna, þeim réttindum og skyldum sem af skipuninni leiddi en að öðru leyti fari um réttindi og þess og skyldur samkvæmt starfsreglum settum af kirkjuþingi. Það að kvartandi haldi þannig réttindum sínum og skyldum á grundvelli laga nr. 70/1996 hljóti að felast í því hvað málsmeðferð varði að farið sé að reglum stjórnsluréttar, þar með talið hæfisreglum, enda sé aðeins með þeim hætti sem tryggt sé að hann haldi réttindum sínum. Auk þess hafi gagnaðili vísað til reglna stjórnsluréttar og stjórnslulaga, t.d. í bréfi þar sem kvartanda hafi verið veittur frestur til andmæla þar sem vísað hafi verið til stjórnsluréttar hvað andmælarétt varðar. Reglan um sérstakt hæfi sé ein af öryggisreglunum svokölluðu sem eru til þess fallnar að tryggja að ákvarðanir verði efnislega réttar og í samræmi við lög.

Í lok athugasemda kvartanda til úrskurðarnefndarinnar er fjallað um kröfugerð hans í málinu. Þar kemur fram að í kæru til úrskurðarnefndar hafi hann gert kröfu um viðurkenningu á því að allar ákvarðanir sem gagnaðili hafi tekið í máli hans væru ólögmætar. Þá segir: „Krefst hann þess að allar ákvarðanir sem hún hefur tekið í máli hans séu ógildar og/eða ólögmætar vegna skorts á formlegu og sérstökum hæfi, þar með talið eftirfarandi ákvarðanir, enda leiðir það almennt til þess að ákvörðun teljist ólögmæt sé hún tekin af aðila sem ekki hefur til þess formlegt eða sérstakt hæfi:

1. Ákvörðun 29. desember 2021 um að senda umbj. minn í leyfi til 1. mars 2022.
2. Ákvörðun 24. febrúar 2022 um að C sinni starfi umbj. míns í leyfi hans 1. mars til 1. maí 2022.
3. Ákvörðun 25. febrúar 2022 um að framlengja leyfi til 1. maí 2022.
4. Ákvörðun 29. apríl 2022 um að framlengja leyfi til 1. júlí 2022.
5. Ákvörðun 29. júní 2022 um að framlengja leyfið til 1. september 2022.“

4.

Í athugasemdum gagnaðila 19. ágúst 2023 kemur fram að hún mótmæli því alfarið að ákvarðanir hennar hafi verið ólögmætar að efni til og að við meðferð málsins hafi verið brotið gegn meginreglum stjórnsluréttar um rannsóknarskyldu, meðalhóf og andmælarétt. Kvartandi geri þá kröfu að „viðurkennt verði að sökum umboðsskorts biskups séu allar ákvarðanir hennar er varða umbj. minn og og hans störf, ógildar“. Við blasi að ágreiningur um efnislegan grundvöll ákvarðana gagnaðila falli utan við kröfugerð kvartanda í málinu, enda sé viðurkenningarkrafan eingöngu reist á meintum umboðsskort. Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar sé bundin við kröfugerð, málsástæður og yfirlýsingar málsaðila við úrlausn mála. Kvartandi hafi ráðstafað sakarefninu með þeim hætti að þær ákvarðanir sem til umfjöllunar séu hafi allar verið teknar innan skipunartíma biskups á grundvelli laga nr. 70/1996. Af þessum sökum sé

óhjákvæmilegt að úrskurðarnefndin hafni þeim málalíbúnaði kvartanda að gagnaðila hafi skort formlegt hæfi til að taka umræddar ákvarðanir.

Að beiðni úrskurðarnefndarinnar hafi kvartandi lagt fram gögn er fylgdu með kvörtun hans til umboðsmanns Alþingis, dags. 1. desember 2022. Þessi gögn sýni svart á hvítu að form- og efnisreglum stjórnsýsluréttar hafi verið fylgt í hvívetna við meðferð málsins. Þannig hafi málið verið vandlega rannsakað af hálfu gagnaðila áður en ákvarðanir voru teknar m.a. með aðkomu teymis þjóðkirkjunnar sem starfi eftir starfsreglum kirkjuþings um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar nr. 330/2019, sbr. starfsreglur nr. 1158/2020. Þá hafi þess einnig verið vandlega gætt að fara ekki strangar í sakirnar en nauðsyn bæri til og meðalhófs verið gætt. Þá sýni gögnin að andmælaréttar hafi verið gætt á öllum stigum málsins og kvartandi nýtt sér þann rétt.

Í athugasemdum gagnaðila eru raktar lagabreytingar sem hafi falið í sér að þjóðkirkjan hafi tekið yfir starfsmannamál sín. Þann 1. janúar 2020 hafi tekið gildi lög nr. 153/2019 þar sem gerðar hafi verið lagabreytingar sem hafi meðal annars falið í sér að þjóðkirkjan hafi sjálf tekið við öllum starfsmönnum sínum og starfsmannamálum, auk launagreiðslna til þeirra, frá 1. janúar 2020. Vegna þessara lagabreytinga hafi 4. töluliður 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996 verið felldur brott, en þar hafi komið fram að biskup Íslands, vígslubiskupar, prófastar og prestar þjóðkirkjunnar teldust vera embættismenn. Frá og með 1. janúar 2020 hafi gagnaðili þannig þegið laun frá þjóðkirkjunni á grundvelli ákvarðana kjaranefndar kirkjunnar en ekki frá íslenska ríkinu á grundvelli ákvarðana kjararáðs líkt og verið hafði fyrir lagabreytinguna. Við lagabreytinguna hafi nýju bráðabirgðaákvæði XII. verið bætt við lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997. Í 2. mgr. bráðabirgðaákvæðisins komi fram að það starfsfólk þjóðkirkjunnar sem hafi verið skipað í embætti í skilningi laga nr. 70/1996, með síðari breytingum, við gildistöku laganna héldi þeim réttindum og skyldum sem af skipuninni leiddi út skipunartíma sinn, en að öðru leyti færi um réttindi þess og skyldur samkvæmt starfsreglum settum af kirkjuþingi. Í athugasemdum um bráðabirgðaákvæðið, í greinargerð með frumvarpi því sem orðið hafi að lögum nr. 153/2019, komi fram að þrátt fyrir að brottfall ákvæðis 4. töluliðar 1. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins leiði til þess að prestar og aðrir sem þar séu taldir upp teldust ekki lengur starfsfólk ríkisins, hafi verið lagt til að ákvæði starfsmannalaga gildi, eins og við gat átt, í samskiptum þjóðkirkjunnar við það starfsfólk fyrstu þrjá mánuði ársins 2020. Muni kirkjuþing setja starfsreglur um framangreind málefni, sem gildi frá og með 1. apríl 2020. Þá segi að lagt sé til að það starfsfólk þjóðkirkjunnar sem hafi verið skipað í embætti í skilningi laga nr. 70/1996 haldi þeim réttindum og skyldum sem leitt hafi af skipuninni út skipunartíma sinn við gildistöku laganna. Í ljósi þess að skipunartími starfsfólks hafi verið misjafn hafi verið gert ráð fyrir því að þegar kirkjuþing hafi samþykkt og birt starfsreglur sínar gætu þær átt við um starfskjör viðkomandi það sem eftir lifði skipunartíma hans. Því fólki sem skipað hafi verið tímabundið yrði boðinn ráðningarsamningur að skipunartíma loknum. Það fólk sem er skipað hafi verið ótímabundið héldi þeirri skipun uns það léti af störfum.

Ný lög um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 hafi tekið gildi 1. júlí 2021 og leyst af hólmi lög nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Í 1. mgr. 10. gr. laganna komi fram að Ísland sé

eitt biskupsdæmi og að um biskupskjör fari samkvæmt starfsreglum kirkjuþings, sbr. 1. mgr. 8. gr. laganna. Í 2. mgr. sama ákvæðis komi fram að biskup Íslands fari með yfirstjórn þjóðkirkjunnar eftir því sem kirkjuþing mæli nánar fyrir um. Í 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis í lögum um þjóðkirkjuna komi fram að starfsfólk þjóðkirkjunnar sem skipað hafi verið í embætti í skilningi laga nr. 70/1996, við gildistöku 2. mgr. 19. gr. laga nr. 153/2019, héldi þeim réttindum og skyldum sem af skipuninni leiddi út skipunartíma sinn, en að öðru leyti fari um réttindi þess og skyldur samkvæmt starfsreglum settum af kirkjuþingi. Í 2. mgr. segi svo að starfsreglur og samþykktir, sem kirkjuþing hafi sett eða samþykkt í gildistíð laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, héldi gildi sínu, eftir því sem við á, þar til kirkjuþing hefur fellt þær niður, breytt þeim eða sett eða samþykkt nýjar, þó eigi síðar en 31. desember 2021. Nýjar starfsreglur um kosningu biskupa og vígslubiskupa hafi ekki verið samþykktar á kirkjuþingi fyrr en 28. mars 2022. Í framangreindum lagabreytingum hafi falist sú grundvallarbreyting að biskup Íslands teldist frá 1. janúar 2020 ekki lengur embættismaður ríkisins heldur starfsmaður þjóðkirkjunnar. Þetta hafi gengið eftir í framkvæmd og hafi biskup frá nefndu tímamarki verið starfsmaður þjóðkirkjunnar og þegið þaðan laun samkvæmt ákvörðunum kjaranefndar þjóðkirkjunnar, sbr. starfsreglur nr. 12/2021-2022 um kjaranefnd þjóðkirkjunnar. Þann 1. júní 2022 hafi Prestafélag Íslands, sem biskup Íslands tilheyrir, gert kjarasamning við kjaranefnd kirkjunnar fyrir hönd Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu. Samkvæmt grein 9.1.1 í kjarasamningnum hafi samningurinn gilt frá 1. mars 2021 til 31. mars 2023. Hinn 29. apríl 2023 hafi Prestafélag Íslands og þjóðkirkjan undirritað samkomulag um framlengingu kjarasamningsins sem gildi frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024.

Í athugasemdum gagnaðila kemur fram að allar ákvarðanir varðandi störf kvartanda hafi verið teknar fyrir 30. júní 2022. Enginn vafi geti á því leikið að gagnaðili hafi haft almennt hæfi til að taka umræddar ákvarðanir enda innan skipunartíma hennar sem opinbers embættismanns. Þetta komi raunar fram berum orðum í 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis í lögum um þjóðkirkjuna, þar sem segi að það starfsfólk þjóðkirkjunnar sem hafi verið skipað í embætti í skilningi laga nr. 70/1996, við gildistöku 2. mgr. 19. gr. laga nr. 153/2019, héldi þeim réttindum og skyldum sem af skipuninni leiddi út skipunartíma sinn, en að öðru leyti fari um réttindi þess og skyldur samkvæmt starfsreglum settum af kirkjuþingi.

Gagnaðili hafni því alfarið að hana hafi skort sérstakt hæfi til að taka umræddar ákvarðanir. Af hálfu gagnaðila sé tekið undir það sem fram komi í minnisblaði G, að biskup fari almennt með starfsmannamál presta og hafi yfirstjórn um einstök starfsmannamál. Það sé því engum vafa háð að það hafi fallið innan valdheimilda biskups að taka þær ákvarðanir sem til umfjöllunar séu í þessu máli.

Í athugasemdum gagnaðila segir að í málatilbúnaði kvartanda sé á því byggt að gagnaðili hafi lýst afstöðu sinni til málsins fyrir fram, sem eigi að leiða til vanhæfis hennar til meðferðar málsins. Hvorki í kæru né viðbótarathugasemdum málshefjanda komi hins vegar fram hvaða ummæli biskups það séu sem vísað sé til né hvenær þau féllu. Það eina sem vísað sé til sé að nafngreindir þolendur kvartanda hafi hrósað gagnaðila fyrir að taka skýra afstöðu með þolendum. Ummæli þriðja manns valdi ekki vanhæfi gagnaðila og tilvísanir kvartanda til ummæla þolenda hafi því enga þýðingu við úrlausn málsins. Vakin sé sérstök athygli á því að

kvartandi hafi ekki vísað til neinna ummæla gagnaðila í fjölmiðlum eða á öðrum vettvangi er varði mál kvartanda sem leitt geti til þess að unnt sé að draga hæfi hennar í efa. Enginn reki sé að því gerður að tilgreina hvaða ummæli það séu sem valdið gætu vanhæfi í málinu. Því síður séu lögð fram gögn þessu til stuðnings. Ætla verði að kvartandi sé í athugasemdum sínum að vísa til tilkynningar sem birst hafi á heimasíðu Þjóðkirkjunnar þann 14. september 2022. Fjallað sé um tilkynninguna í minnisblaði G og réttilega á það bent að hún sé ekki sett fram undir nafni eða embættistitli biskups, heldur skrifuð í nafni Þjóðkirkjunnar. Gagnaðili telji að þegar af þeirri ástæðu geti tilkynningin ekki valdið vanhæfi í þessu máli, enda geti gagnaðili ekki orðið vanhæf vegna tilkynningar sem stafi frá trúfélaginu Þjóðkirkjunni. Þá bendi G á að orðalag tilkynningarinnar bendi ekki til þess að biskup hafi tjáð sig beint um sína persónulegu viljaafstöðu til niðurstöðu í máli málshefjanda. Undir þetta taki gagnaðili sömuleiðis.

Í athugasemdum gagnaðila er fjallað um umboð hennar eftir að skipunartími hennar sem opinbers embættismanns rann út. Kemur fram að það falli utan sakarefnis málsins, í ljósi málatilbúnaðar kvartanda, að fjalla um umboðið/hæfið eftir að skipunartími rann sitt skeið þann 30. júní 2022. Engu að síður telji gagnaðili rétt að gera grein fyrir helstu sjónarmiðum hvað þetta varðar enda sé í viðbótarathugasemdum kæranda vikið að ýmsum atriðum sem áttu sér stað eftir að skipunartímanum lauk án þess þó að ljóst sé hvernig þau tengist sakarefni málsins. Tekið er fram að kirkjuþing hafi haft drjúgan tíma til að setja starfsreglur um kosningu biskups, enda hafi biskup orðið starfsmaður kirkjunnar þann 1. janúar 2020. Ljóst sé að löggjafinn hafi ákveðið að setja kirkjuþingi ákveðinn tímaramma í þessu skyni. Þannig komi fram í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 153/2019 að kirkjuþing skuli setja starfsreglur um framangreind málefni, sem gildi frá og með 1. apríl 2020. Þetta hafi ekki gengið eftir. Þegar ný Þjóðkirkjulög hafi tekið gildi 1. júlí 2021 hafi nýjar starfsreglur um kosningu biskups og vígslubiskupa enn ekki verið settar. Kirkjuþingi hafi því verið settur nýr tímarammi í 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis við Þjóðkirkjulög þar sem fram komi að starfsreglur og samþykktir, sem kirkjuþing hafi sett eða samþykkt í gildistíð laga um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, héldu gildi sínu, eftir því sem við ætti, þar til kirkjuþing hefði fellt þær niður, breytt þeim eða sett eða samþykkt nýjar, þó eigi síðar en 31. desember 2021. Kirkjuþingi hafi ekki lánast að samþykkja nýjar starfsreglur fyrir síðastnefnda tímamarkið. Það hafi svo ekki verið fyrir en 28. mars 2022 að kirkjuþing hafi loks samþykkt nýjar starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 9/2021-2022, en þá hafi í raun engar starfsreglur um þetta efni verið í gildi frá 31. desember 2021. Á þessu beri gagnaðili vitaskuld enga ábyrgð heldur sé ábyrgðin alfarið kirkjuþings. Þegar hinar nýju starfsreglur hafi loks litið dagsins ljós hafi, þrátt fyrir þær breytingar sem hafi orðið á stöðu biskupsembættisins, ekki verið kveðið á um hvenær kosning biskups ætti að fara fram, heldur einungis að kjörtímabil biskups væri sex ár. Þá hafi heldur enginn reki verið gerður að því að boða til biskupskjörs á grundvelli þessara reglna áður en skipunartími biskups sem opinbers embættismanns hafi runnið sitt skeið.

Í athugasemdum gagnaðila kemur enn fremur fram að þegar skipunartími hennar sem embættismanns ríkisins hafi runnið út hafi enn ekki verið verið boðað til biskupskjörs á grundvelli starfsreglna nr. 9/2021-2022. Af þessum sökum hafi framkvæmdastjóri

Þjónustumiðstöðvar biskupsstofu gert ráðningarsamning við hana, dags. 1. júlí 2022, líkt og gert hafi verið við lok skipunartíma annarra starfsmanna sem heyrta undir þjónustumiðstöð biskupsstofu þjóðkirkjunnar og verið skipaðir embættismenn tímabundið á grundvelli eldri reglna. Við samningsgerðina hafi verið horft til þeirra leiðbeininga sem fram hafi komið í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 153/2019, þar sem fram hafi komið að því fólki sem skipað hafi verið tímabundið yrði boðinn ráðningarsamningur að skipunartíma loknum. Einnig hafi verið tekið mið af starfsreglum nr. 56/2021-2022 um þjónustumiðstöð þjóðkirkjunnar, en samkvæmt þeim starfsreglum sé gerð ráðningarsamninga við starfsmenn þjónustumiðstöðvar biskupsstofu, sem biskup heyrir undir, á valdsviði biskups Íslands. Þá hafi enn fremur verið horft til greinar 6.1 í kjarasamningi Prestafélags Íslands, með síðari breytingum, þar sem fram komi að við upphaf ráðningar skuli gerður skriflegur ráðningarsamningur. Þá hafi það einnig stutt þá ákvörðun að gera skriflegan ráðningarsamning að áður en samningurinn hafi verið undirritaður hafi borist bréf frá forseta kirkjuþings, dags. 29. júní 2022, þar sem því hafi verið lýst yfir að þjónustutími biskups framlengdist til 1. júlí 2023. Þannig hafi biskup haft réttmætar væntingar um það að hún myndi gegna starfi biskups áfram við lok skipunartíma hennar sem embættismaður ríkisins. Þetta hafi svo raungerst með þeim hætti að gagnaðili hafi gegnt starfi biskups um ríflega eins árs skeið eftir að skipunartíminn hafi runnið sitt skeið og á sama tíma þegið laun frá þjóðkirkjunni. Með hliðsjón af öllu framangreindu hafi það verið mat framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðvar biskupsstofu og gagnaðila að undir þessum kringumstæðum, sér í lagi þar sem ekki hafi verið búið að kjósa nýjan biskup, að rétt væri að gerður yrði skriflegur ráðningarsamningur í stað þess að áfram gildi hið munnlega ráðningarsamband gagnaðila við þjóðkirkjuna sem hafði verið við lýði frá 1. janúar 2020.

Við fyrstu sýn kunni að orka tvímælis að framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar biskupsstofu hafi gert umræddan ráðningarsamning við biskup Íslands fyrir hönd þjóðkirkjunnar þar sem biskup hafi forstöðu biskupsstofu með höndum og framkvæmdastjórinn því undirritaður biskups. Í þessu sambandi sé hins vegar til þess að líta að innan stjórnarsýslu kirkjunnar hafi ekki öðrum verið til að dreifa en þjónustumiðstöð biskupsstofu til að standa að umræddri samningsgerð. Þannig komi fram í 2. mgr. 4. gr. starfsreglna kirkjuþings nr. 56/2021-2022 að biskup Íslands annist ráðningarmál starfsfólks hjá þjóðkirkjunni. Sé um starf á rekstrarsviði að ræða þá sé ákvörðun um ráðninguna á höndum framkvæmdastjóra rekstrarsviðs. Þar sem biskup sé ekki starfsmaður rekstrarsviðs þjónustumiðstöðvar þjóðkirkjunnar, sem heyrir undir kirkjuþing, hafi ekki getað komið til álita að framkvæmdastjóri þess sviðs undirritaði samninginn. Því síður hafi verið tækt að kirkjuþing, forseti þingsins eða forsætisnefnd kæmi að samningsgerðinni, enda hafi kirkjuþing ekki boðvald yfir biskupi Íslands og biskup Íslands sé ekki starfsmaður kirkjuþings. Hins vegar sé rétt að áréttá í þessu sambandi að forseti kirkjuþings hafi fyrir samningsgerðina lýst því yfir að þjónustutími biskups framlengdist til 1. júlí 2023.

Gagnaðili bendi á að undir rekstri málsins hafi úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar óskað eftir afstöðu kirkjuþings til tiltekinna atriða. Svar hafi borist frá forsætisnefnd þingsins með bréfi, dags. 10. ágúst 2023. Af 1. tölulið bréfsins megi ráða að það sé sameiginlegur skilningur forsætisnefndar og kjörstjórnar kirkjuþings að umboð/þjónustutími biskups hafi framlengst til 1. júlí 2024. Af þessum sökum hafi kjörstjórn ákveðið að hefja undirbúning að biskupskjöri

fyrri hluta árs 2024. Í 2. tölulið bréfsins komi fram að kirkjuþing hafi enga aðkomu haft að ráðningarsamningi við biskup Íslands. Þetta sé rétt og skýringin einföld. Hvorki ráðningarsamningurinn né biskupskjör hafi verið á dagskrá kirkjuþings síðan skipunartími biskups sem opinbers embættismanns hafi runnið út og það þrátt fyrir að kirkjuþing og aukakirkjuþing hafi komið fjórum sinnum saman eftir lok skipunartímans. Skýringin sé sú að hvorki forseti kirkjuþings né aðrir kirkjuþingsfulltrúar hafi séð ástæðu til að leggja fram þingmál um biskupskjör. Raunar beri gögn málsins með sér að forseti kirkjuþings hafi tekið meðvitaða ákvörðun um að leggja ekki slíkt þingmál fram. Í 3. tölulið bréfsins sé réttilega á það bent að kirkjuþing hafi ekki tekið afstöðu til ráðningarsamningsins. Fram komi í bréfinu að forsætisnefnd þingsins telji að hann styðjist ekki við heimildir í starfsreglum kirkjuþings. Þetta svar sé alveg út í bláinn og í því felist vanmáttug tilraun til að afvegaleiða málið. Það liggi fyrir að starfsreglur kirkjuþings geri ráð fyrir því að biskup sé kjörinn til sex ára í senn og það sé á forræði kjörstjórnar að boða til kosninga. Biskup hafi hins vegar enga aðkomu að ákvörðun um biskupskjör og það sé hvorki á valdsviði biskups að flýta þeim eða seinka. Þar sem ekki hafi verið boðað til biskupskosninga eftir að skipunartími biskups hafi runnið út hafi þurft að brúa bilið sem gert hafi verið. Meðan nýr biskup hafi ekki verið kjörinn á grundvelli þeirra starfsreglna sem um slíkt kjör gildi gegni biskup starfi sínu á grundvelli vinnuréttarsambands við þjóðkirkjuna, líkt og verið hafi frá 1. janúar 2020.

Í athugasemdum gagnaðila er vikið að því að biskupskjör sé á forræði kjörstjórnar að fengnu samþykki forsætisnefndar kirkjuþings. Í 1. mgr. 10. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 segi að um biskupskjör fari samkvæmt starfsreglum kirkjuþings, sbr. 1. mgr. 8. gr. laganna. Á þessum grundvelli hafi verið settar nýjar starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 9/2021-2022 sem tekið hafi gildi hinn 1. janúar 2022. Í 19. gr. starfsreglnanna komi fram að frá sama tíma féllu á brott starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 333/2017, með síðari breytingum. Í 2. gr. starfsreglna nr. 9/2021-2022 komi fram að kjörtímabil biskups Íslands og vígslubiskupa sé sex ár í senn, en hvergi í reglunum segi hvenær það skuli hefjast. Í 1. mgr. 8. gr. komi fram að kjörstjórn ákveði hvenær kjörgögn skuli senda þeim sem kosningabærir séu við kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa. Með útsendingu kjörgagna hefjist kosning samkvæmt 15. gr. og jafnframt ákveði kjörstjórn hvenær kosningu lýkur. Í 2. mgr. komi fram að ákvarðanir kjörstjórnar samkvæmt 1. mgr. séu háðar samþykki forsætisnefndar kirkjuþings. Þann 10. mars 2023 hafi verið gerðar breytingar á starfsreglum nr. 9/2021-2022 með samþykkt kirkjuþings á starfsreglum nr. 45/2022-2023. Í þessum breytingum hafi falist m.a. að í 18. gr. starfsreglna nr. 9/2021-2022 sé nú mælt fyrir um að kjörstjórn þjóðkirkjunnar gefi út kjörbréf til biskups Íslands og vígslubiskupa að kosningu lokinni. Samkvæmt framansögðu hafi kjörstjórn ekki boðað til biskupskjörs fyrir lok skipunartíma biskups sem embættismanns ríkisins. Við þessu hafi verið brugðist með því að gera áður nefndan ráðningarsamning við biskup. Þar sem ekki hafi verið boðað til biskupskjörs hafi verið fullkomlega eðlilegt að ráðningarsamband biskups og þjóðkirkjunnar hafi verið fært í letur með gerð ráðningarsamnings, enda geri 10. gr. þjóðkirkjulaga ráð fyrir því að biskup sé starfandi á Íslandi sem fari með yfirstjórn þjóðkirkjunnar.

Jafnvel þótt hinn skriflegi ráðningarsamningur hefði ekki verið gerður eða samningurinn yrði af einhverjum ástæðum talinn ógildur eða óskuldbindandi sé á því byggt að til staðar sé munnlegt ráðningarsamband milli biskups og þjóðkirkjunnar sem biskup sæki umboð sitt til. Þetta sé í raun augljóst enda hafi gagnaðili gegnt starfsskyldum biskups og þegið laun frá þjóðkirkjunni frá 1. janúar 2020. Ráðningarsamband þetta sé í gildi og verði í gildi þar til nýr biskup sé kjörinn og formleg biskupaskipti farið fram. Munnlegir ráðningarsamningar séu jafngildir skriflegum að íslenskum rétti og hafi biskup frá 1. janúar 2020 fengið greidd laun og notið húsnæðishlunninda frá þjóðkirkjunni samkvæmt ákvörðun kjaranefndar. Þá hafi biskup sinnt þeim fjölbreyttu störfum sem biskupi sé falið athugasemdalaust ef frá séu taldar athugasemdir kvartanda í þessu máli og nú nýverið frá forseta kirkjuþings og annars varaforseta þingsins í fjölmiðlum. Þá hafi biskup á tímabilinu greitt í starfsmannafélag þjóðkirkjunnar og áunnið sér veikinda- og orlofsrétt. Einnig sé rétt að láta þess getið að með bréfi kjaranefndar þjóðkirkjunnar, dags. 10. apríl 2023, hafi verið fallist á tilteknar breytingar á starfskjörum biskups sem ekki hefði verið gert ef vafi væri talinn vera fyrir hendi um starfssamband biskups við þjóðkirkjuna.

Loks kemur fram í athugasemdum gagnaðila að þrátt fyrir að umfjöllun um umboð biskups eftir að skipunartíminn hafi runnið út falli utan við sakarefni þessa máls sé rétt að tæpa á öðrum mögulegum skýringarkostum, en þeim að vinnuréttarsamband sé til staðar á milli þjóðkirkjunnar og biskups eftir lok skipunartímans.

Í fyrsta lagi komi til álitu að horfa til starfsreglna um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 9/2021-2022 þar sem fram komi í 2. gr. að kjörtímabil biskups sé sex ár. Þar sem ekki hafi verið búið að kjósa nýjan biskup þegar skipunartími biskups sem opinbers embættismanns hafi runnið sitt skeið sé unnt að líta svo á að nýtt sex ára kjörtímabil biskups samkvæmt nefndu ákvæði starfsreglnanna hafi hafist þann 1. júlí 2022. Þessi skýringarkostur fái stoð í bráðabirgðaákvæði með lögum nr. 77/2021 um þjóðkirkjuna þar sem fram komi að það starfsfólk þjóðkirkjunnar sem skipað hafi verið í embætti á grundvelli laga nr. 153/2019, haldi þeim réttindum og skyldum sem af skipuninni leiði út skipunartíma sinn „en að öðru leyti fari um réttindi þess og skyldur samkvæmt starfsreglum settum af kirkjuþingi“. Þau réttindi sem starfsreglurnar hafi mælt fyrir um hafi verið þær að kjörtímabil biskups væri sex ár en hvergi sé tilgreint hvenær kjör skuli fara fram. Þar sem biskupskjör hafi ekki farið fram fyrir lok skipunartímans sé nærtækt að líta svo á að nýtt kjörtímabil hafi hafist í kjölfarið. Athugasemdalaus framkvæmd ráðningarsambands biskups og þjóðkirkjunnar frá því að skipunartíma þeirrar fyrrnefndu sem opinbers embættismanns hafi lokið og tómlæti kjörstjórnar kirkjuþings m.a. varðandi boðun til biskupskjör styðji framangreinda ályktun.

Í öðru lagi sé það sameiginlegur skilningur þeirra tveggja fastanefnda kirkjuþings sem taki ákvörðun um biskupskjör að umboð/þjónustutími biskups hafi framlengst til 1. júlí 2024. Í bréfi forseta kirkjuþings til biskups, dags. 29. júní 2022, sé rökstutt að rétt sé að framlengja þjónustutíma biskups til 1. júlí 2023. Einnig vísist til bréfs forsætisnefndar kirkjuþings, dags. 28. febrúar 2023, þar sem fram komi að þar sem biskup Íslands hygðist láta af embætti 1. júlí 2024 teldi forsætisnefnd ekki rétt að leggja fram þingmál á næsta kirkjuþingi varðandi biskupsþjónustu þjóðkirkjunnar. Enn fremur vísist til bréfs kjörstjórnar kirkjuþings til

forsætisnefndar þingsins, dags. 15. mars 2023, þar sem fram komi að af bréfi forsætisnefndar, dags. 28. febrúar 2023, megi ráða að forsætisnefnd fallist á með biskupi að umboð hans/þjónustutími hafi framlengst um eitt ár, þ.e. til 1. júlí 2024. Í niðurlagi bréfsins komi fram að með vísan til þessa muni kjörstjórn hefja undirbúning að kosningu biskups Íslands ekki síðar en í ársbyrjun 2024, að því tilskyldu að ekki hefðu verið gerðar athugasemdir við þessi áform af hálfu forsætisnefndar. Í starfsreglum kirkjubings hafi þingið veitt framangreindum fastanefndum þingsins umboð til að sinna hluta af þeim verkefnum sem því sé falið. Eitt þessara verkefna sé ákvörðun um biskupskjör sem þingið hefur falið kjörstjórn að ákveða að fengnu samþykki forsætisnefndar. Fyrir liggir að kjörstjórn hafi tekið ákvörðun um að hefja undirbúning að slíkum kosningum á nýju ári. Í þessu felist sú afstaða kjörstjórnar að biskup hafi umboð til að gegna embættinu til 1. júlí 2024 eða þar til nýr biskup hafi tekið formlega við.

Í þriðja lagi komi til álita að túlka þær lagabreytingar, sem gerðar hafi verið í tilefni þess að þjóðkirkjan tók sjálf yfir starfsmannamál sín, þannig að skipunartími biskups hafi framlengst sjálfkrafa um fimm ár þann 30. júní 2022 á grundvelli laga nr. 70/1996. Gagnaðili hafi haldið þeim réttindum og skyldum sem af skipun hennar leiddi út skipunartíma sinn. Einn þáttur í þessum réttindum séu fyrirmæli 2. mgr. 23. gr. laga nr. 70/1996 þar sem fram komi að ef maður hafi verið skipaður í embætti samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins skuli honum tilkynnt eigi síðar en sex mánuðum áður en skipunartími hans rennur út hvort embættið verði auglýst laust til umsóknar. Sé það ekki gert framlengist skipunartími hans sjálfkrafa um fimm ár, nema hann óski eftir að láta af störfum með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 37. gr. sömu laga. Í því tilviki sem hér sé til umfjöllunar hafi sex mánaða tímamarkinu verið náð áður en starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 9/2021-2022 tóku gildi og sömuleiðis áður en tímamarki sólarlagsákvæðis 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis með þjóðkirkjulögum hafi verið náð hinn 31. desember 2021. Þetta styðji að rétt sé að horfa til fyrirmæla 2. mgr. 23. gr. laga nr. 70/1996 og líta svo á að skipunartími biskups hafi framlengst á þeim grundvelli.

5.

Kvartandi sendi úrskurðarnefndinni viðbótarathugasemdir sínar 27. ágúst 2023. Í þeim kemur meðal annars fram, vegna athugasemda gagnaðila við kröfugerð hans, að kröfugerðin sé skýr. Allar ákvarðanir sem gagnaðili hafi tekið í máli kvartanda, athafnir gagnaðila og athafnaleysi, eftir 1. júlí 2022 séu ógildar sökum umboðsleysis svo sem ítrekað hafi komið fram. Ákvarðanir sem biskup hafi á meðan skipunartíma hennar stóð og lúta að starfi kvartanda séu einnig ógildar en á grundvelli þess að gagnaðila hafi skort sérstakt hæfi til ákvarðanatöku í málinu þar sem afstaða hennar í málinu hafi alltaf verið skýr, þ.e. að styðja við hina meintu þolendur. Ekki sé unnt að koma fram af hlutleysi ef frá upphafi sé ljóst að viðkomandi styðji sérstaklega annan málsaðila umfram hinn. Málið hafi af gagnaðila frá upphafi verið sett í þann farveg að kvartandi hafi ekki getað átt afturkvæmt á vinnustað sinn jafnvel þó skýrsla teymisins hefði kveðið á um fullnaðar sýknu hans en ekki aðeins sýknu af stærsta hluta ávirðinga.

Þær ákvarðanir sem teknar hafi verið á starfstíma gagnaðila hafi verið sérstaklega tíundaðar í athugasemdum kvartanda 10. ágúst að beiðni úrskurðarnefndar. Hvað kröfu kvartanda um að

viðurkennt verði að gagnaðili megi ekki koma að málum hans og ógildar séu ákvarðanir vegna umboðsleysis hennar þá sé öll aðkoma hennar að málinu ólöglegt, ekki aðeins stakar ákvarðanir. Gagnaðili hafi ekki mátt koma að máli kvartanda eftir að umboð hennar til að gegna starfi biskups hafi runnið út 30. júní 2022. Hafi þetta verið óljóst sé það leiðrétt. Eftir sem áður geri kvartandi þá kröfu að viðurkennt verði að öll aðkoma gagnaðila og ákvarðanatoka í máli hans sé ógild, „þar með talið eftirfarandi ákvarðanir:

1. Ákvörðun 29. desember 2021 um að senda umbj. minn í leyfi til 1. mars 2022.
2. Ákvörðun 24. febrúar 2022 um að C sinni starfi umbj. míns í leyfi hans 1. mars til 1. maí 2022.
3. Ákvörðun 25. febrúar 2022 um að framlengja leyfi til 1. maí 2022.
4. Ákvörðun 29. apríl 2022 um að framlengja leyfi til 1. júlí 2022.
5. Ákvörðun 29. júní 2022 um að framlengja leyfið til 1. september 2022.
6. Ákvörðun 1. september um framlengingu leyfis
7. Ákvörðun um að setja mál umbj. míns í áminningarferli, 6. september 2022.
8. Ákvörðun sem birt var í fjölmiðlum 14. september 2022 um að víkja umbj. mínum úr starfi sóknarprests Digraneskirkju.
9. Öll aðkoma biskups að máli umbj. míns sem enn er ólokið.“

Ákvarðanir 1 til 5 séu ógildar vegna sérstaks hæfis og ákvarðanir 6 til 9 einnig vegna umboðsleysis. Þess ber að geta að ákvarðanir 6 og 8 hafi ekki verið tilkynntar kvartanda með formlegum hætti. Þannig hafi gagnaðili sent honum tölvubréf um að „á eftir“ yrði send út yfirlýsing sem hafi verið í viðhengi með póstinum og fram hafi komið að kvartandi hefði látið af störfum við prestakallið og áformað væri að veita honum áminningu. Tilkynningin hafi birst í fjölmiðlum innan við klukkustund síðar svo kvartandi hafi ekki séð tölvupóstinn fyrr en eftir að hann heyrði og las fréttir í helstu fjölmiðlum landsins um frávikningu hans og fyrirhugaða áminningu. Tölvubréfinu hafi einnig fylgt samkomulag þar sem fram hafi komið að gagnaðili hefði fallist á ósk kvartanda um að láta af embætti sem sóknarprestur í Digraneskirkju og að gerður yrði við hann ótímabundinn ráðningarsamningur með sex mánaða uppsagnarfresti um nýtt starf hans sem sérþjónustuprestur. Hafi gagnaðili augljóslega ekki haft heimild til að taka ákvörðun um að víkja kvartanda úr starfi sóknarprests og gera við hann uppsegjanlegan ráðningarsamning auk þess sem hana hafi skort umboð til verksins. Þá hafi tilkynningin og tölvupósturinn verið send á meðan andmælafresti kvartanda hafi staðið.

Varðandi sérstakt hæfi sé ekki hægt að leggja minnisblað G til grundvallar hér, enda skorti sýnilega á að hann hafi haft öll gögn málsins undir höndum. Þannig sendi gagnaðili kvartanda tilkynninguna af sínu persónulega tölvupóstfangi og þannig ljóst að tilkynningin hafi stafað frá henni en ekki frá „trúfélaginu þjóðkirkjunni“. Þá hafi gagnaðili fullyrt í tilkynningunni að kvartandi hafi gerst sekur um einelti gagnvart hluta hinna meintu þolenda þó það hafi verið niðurstaða teymisins að hin meinta háttsemi hans hafi ekki talist einelti í skilningi reglugerðar nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Þá hafi gagnaðili tilkynnt um starfslok kvartanda í tilkynningunni sem og fyrirvaralaust að áformað hafi verið að veita honum skriflega áminningu sem aldrei hafi svo komið til. Með því að setja mál kvartanda frá fyrsta degi í það ferli að ljóst væri að hann

ætti aldrei afturkvæmt í kirkjuna þrátt fyrir óskir sóknarnefnda og margra aðila þar um, hafi gagnaðili verið búin að gera sig vanhæfa til að fjalla um mál hans af hlutleysi.

Í huga kvartanda sé málið einfalt. Gagnaðili hafi verið vanhæf til að annast um mál hans. Fyrst um sinn vegna þess að hún hafi tekið afstöðu með hinum meintu þolendum og sett málið í slíkan farveg að sama hvað kvartandi hefði gert, hann hafi ekki átt að eiga afturkvæmt á starfstöð sína. Síðar, eftir 30. júní 2022, hafi hún einnig verið vanhæf til að koma að máli kvartanda vegna þess að hún hafi ekki lengur haft umboð til starfans.

6.

Gagnaðili kom að viðbótarathugasemdum með bréfi lögmanns hennar, dags. 4. september 2023. Þar eru gerðar athugasemdir við kröfugerð kvartanda sem hafi tekið margvíslegum breytingum undir rekstri málsins. Kvartandi hafi í athugasemdum til úrskurðarnefndarinnar 10. ágúst 2023 tiltekið að undir kröfugerðina féllu fimm ákvarðanir sem teknar hafi verið á tímabilinu 29. desember 2021 til 29. júní 2022. Hin nýja útfærsla um kröfu um ógildingunni ákvarðana eftir 1. júlí 2022 gangi gegn fyrri skýringum sem varnir gagnaðila hafi tekið mið af. Það sé ógjörningur að taka til varna í máli þar sem kröfugerðin taki stöðugum breytingum undir rekstri þess. Gagnaðili telji að við úrlausn málsins verði að miða við þá afmörkun sakarefnisins sem hafi komið fram í viðbótarathugasemdum kvartanda, dags. 10. ágúst 2023, sér í lagi vegna þess að sú afmörkun hafi komið fram í kjölfar beiðni frá úrskurðarnefndinni til kvartanda um að nánari skýring á kröfugerðinni kæmi fram í viðbótargreinargerð, nánar tiltekið að tekið yrði fram hvaða ákvarðanir biskups krafist væri ógildingar á og hvenær þær voru teknar.

Ef ætlunin sé að taka að einhverju leyti tillit til þeirrar útvíkkunar á sakarefni málsins sem fram komi í erindi kvartanda til nefndarinnar, dags. 27. ágúst 2023, setji gagnaðili fram eftirfarandi sjónarmið. Af nýjasta erindi kvartanda megi ráða að nýjasta útfærsla kvartanda á kröfugerð sinni feli það í sér að undir kröfugerðina falli „ákvarðanir“ sem tilgreindar séu í töluliðum 6 til 9 í erindinu. Í erindinu vísi kvartandi til ákvörðunar 1. september 2022 um framlengingu leyfis málshefjanda. Skemmst sé frá því að segja að engin ákvörðun hafi verið tekin af hálfu gagnaðila um að framlengja leyfi kvartanda 1. september 2022. Engin gögn séu lögð fram af hálfu kvartanda til stuðnings þessari fullyrðingu og sé hún því að engu hafandi við úrlausn málsins. Rétt sé að taka fram að í kjölfar fundar með kvartanda hafi honum verið sent bréf, dags. 6. september 2022 þar sem niðurstaða teymis þjóðkirkjunnar á grundvelli starfsreglna nr. 330/2019 hafi verið kynnt auk þess sem boðað hafi verið í bréfinu að áformað væri að veita kvartanda skriflegt tiltal og skriflega áminningu á grundvelli 21. gr. laga nr. 70/1996. Sama orðalag hafi verið notað í tilkynningu sem birst hafi á heimasíðu þjóðkirkjunnar 14. september 2022 um að áformað væri að veita prestinum, án þess að hann væri nafngreindur eða vísað í prestakall hans, skriflega áminningu.

Líkt og G hafi vakið athygli á í minnisblaði sínu hafi umrædd tilkynning verið sett fram í nafni þjóðkirkjunnar og notað orðalagið „áformað að veita“. Ljóst sé að þetta hafi ekki falið í sér að ákvörðun hafi verið tekin um að áminna málshefjanda heldur eingöngu

að áformað væri að gera slíkt. Það hafi svo aldrei komið til þess að tekin væri ákvörðun að áminna málshefjanda og því síður var tekin ákvörðun um starfslok málshefjanda.

Framangreinda atburðarás hafi lögmaður kvartanda staðfest opinberlega. Lögmaðurinn sá þannig ástæðu til að koma á framfæri athugasemd við frétt ríkisútvarpsins frá 26. júlí 2023, þar sem haft er eftir lögmanninum að biskup hafi hvorki veitt málshefjanda áminningu né tilkynnt honum um uppsögn hans. Hann hafi sjálfur ekki látið af störfum. Engar ákvarðanir hafi því verið teknar af hálfu gagnaðila í máli kvartanda eftir að skipunartímanum lauk.

Í tölulið 9 í erindi kvartanda sé vísað til allrar aðkomu biskups að málum málshefjanda „sem enn er ólokið“. Þessi liður sé ekki skýrður frekar í erindinu og ekki studdur gögnum. Það sé því engin leið til þess að átta sig á við hvað er átt eða í hverju „aðkoma“ biskups hafi verið fólgin og til hvaða „óloknu“ mála þarna sé vísað.

Ef úrskurðarnefndin komist að þeirri niðurstöðu að biskup hafi tekið ákvarðanir í máli málshefjanda eftir að skipunartímanum lauk sé rétt að áréttu að á þeim tíma hafi verið í gildi ráðningarsamband milli biskups og þjóðkirkjunnar og biskup hafði á þeim grundvelli fullt umboð til að taka ákvarðanir í máli kvartanda. Þá sé einnig rétt að undirstrika að á þeim tíma sem umræddar ákvarðanir eigi að hafa verið teknar hafi forseti kirkjubings lýst því yfir með bréfi til biskups, dags. 29. júní 2022, að þjónustutími biskups framlengdist til 30. júní 2023. Undir þessum kringumstæðum geti enginn vafi leikið á því að biskup hafi haft fullt umboð til að taka ákvarðanir í máli kvartanda eftir lok skipunartímans.

IV. Niðurstöður

1. Valdsvið úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar

Samkvæmt starfsreglum um úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar nr. 36/2022-2023, sem settar eru samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 77/2021 um þjóðkirkjuna, skal úrskurðarnefnd úrskurða í málum vegna ágreinings á kirkjulegum vettvangi eða ef starfsmaður eða trúnaðarmaður þjóðkirkjunnar er borinn sökum um siðferðis- eða agabrot í starfi. Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. starfsreglnanna er með ágreiningi á kirkjulegum vettvangi átt við ágreining sem varðar með einhverjum hætti kirkjulegt starf eða starfsemi á vegum kirkjunnar. Þá geta allir sem hagsmuna eiga að gæta borið mál undir nefndina, sbr. 2. gr. starfsreglnanna. Úrskurðir úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar eru endanlegir og bindandi innan þjóðkirkjunnar.

Á fundi úrskurðarnefndar 22. maí 2023 var ákveðið að taka erindi kvartanda til efnislegrar afgreiðslu með vísan til 1. og 2. gr. starfsreglna um úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar.

Ekki hafa verið færðar fram athugasemdir við að úrskurðarnefndin taki umrætt mál fyrir.

2. Um kröfugerð kvartanda

Kröfugerð kvartanda hefur tekið nokkrum breytingum undir rekstri máls þessa. Í kvörtun, dags. 10. maí 2023, kemur fram sú krafa „að viðurkennt verði að sökum umboðsskorts [gagnaðila] séu allar ákvarðanir er varða [kvartanda] og hans störf, ógildar.“

Eftir að gagnaðili skilaði inn athugasemdum sínum, dags. 12. júní 2023, við kvörtun kvartanda var kvartanda veittur frestur til að skila inn viðbótargreinargerð af sinni hálfu. Úrskurðarnefndin óskaði eftir því með tölvuskeyti til lögmanns kvartanda 1. ágúst 2023 að kvartandi skýrði út kröfugerðina eins og hún hafði verið sett fram í upphaflegri kvörtun. Sagði meðal annars í tölvuskeytinu: „Nánar tiltekið er óskað eftir því að tekið verði fram hvaða ákvarðanir biskups krafist er ógildingar á og hvenær þær voru teknar. Óskað er eftir því að gögn um þessar ákvarðanir fylgi greinargerðinni, eftir því sem á við.“

Í viðbótargreinargerð kvartanda, dags. 10. ágúst 2023, kemur fram að hann krefjist þess „að ákvarðanir sem [gagnaðili] hefur tekið í máli hans séu ógildar og/eða ólögmatar vegna skorts á formlegu og sérstöku hæfi, þar með talið eftirfarandi ákvarðanir, enda leiðir það almennt til þess að ákvörðun teljist ólögmat sé hún tekin af aðila sem ekki hefur til þess formlegt eða sérstakt hæfi:

1. Ákvörðun 29. desember 2021 um að senda [kvartanda] í leyfi til 1. mars 2022.
2. Ákvörðun 24. febrúar 2022 um að C sinni starfi [kvartanda] í leyfi hans 1. mars til 1. maí 2022.
3. Ákvörðun 25. febrúar 2022 um að framlengja leyfi til 1. maí 2022.
4. Ákvörðun 29. apríl 2022 um að framlengja leyfi til 1. júlí 2022.
5. Ákvörðun 29. júní 2022 um að framlengja leyfið til 1. september 2022.“

Endanleg kröfugerð kvartanda kom fram í athugasemdum hans, dags. 27. ágúst 2023, við viðbótarathugasemdir gagnaðila. Er kröfugerðin svohljóðandi:

„[Að] viðurkennt verði að öll aðkoma biskups og ákvarðanatoka í máli [kvartanda] sé ógild, þar með talið eftirfarandi ákvarðanir:

1. Ákvörðun 29. desember 2021 um að senda [kvartanda] í leyfi til 1. mars 2022.
2. Ákvörðun 24. febrúar 2022 um að C sinni starfi [kvartanda] í leyfi hans 1. mars til 1. maí 2022.
3. Ákvörðun 25. febrúar 2022 um að framlengja leyfi til 1. maí 2022.
4. Ákvörðun 29. apríl 2022 um að framlengja leyfi til 1. júlí 2022.
5. Ákvörðun 29. júní 2022 um að framlengja leyfið til 1. september 2022.
6. Ákvörðun 1. september um framlengingu leyfis.
7. Ákvörðun um að setja mál [kvartanda] í áminningarferli, 6. september 2022.
8. Ákvörðun sem birt var í fjölmiðlum 14. september 2022 um að víkja megi [kvartanda] úr starfi sóknarprests Digraneskirkju.
9. Öll aðkoma biskups að máli [kvartanda] sem enn er ólokið.“

Gagnaðili hefur gert athugasemdir við kröfugerð kvartanda. Byggir gagnaðili á því að líta verði til þess hvernig málið var afmarkað í upphaflegri kvörtun kvartanda 10. maí 2023 eða eftir atvikum í viðbótargreinargerð kvartanda 10. ágúst. Úrskurðarnefndin sé bundin við kröfugerð, málsástæður og yfirlýsingar málsaðila. Kvartandi hafi ráðstafað sakarefninu með þeim hætti að aðeins eigi að koma til skoðunar ákvarðanir sem teknar voru í síðasta lagi 29. júní 2022 en óumdeilt sé að á þeim tíma og áður hafi gagnaðili verið með skipun sem biskup Íslands en skipunartíma hafi lokið 30. júní það ár.

Við mat á því hvaða kröfur komast að í málinu verður að líta til þess að almennar réttarfarsreglur gilda ekki um meðferð fyrir úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar. Í starfsreglum um úrskurðarnefndina nr. 36/2022-2023 kemur meðal annars fram í 6. mgr. 4. gr. að um málsmeðferðina gildi stjórnslulög nr. 37/1993 eftir því sem við eigi. Líta verður svo á að rannsóknarregla 10. gr. laganna eigi þar með við. Þá er til þess að líta að erindi til úrskurðarnefndarinnar eiga að berast nefndinni innan tveggja ára frá því að kostur var að koma því á framfæri við nefndina, sbr. 4. gr. starfsreglnanna. Elsta ákvörðun sem kvartandi krefst ógildingar á var tekin 29. desember 2021 og síðasta afmarkaða ákvörðunin, sem kvartandi byggir á að hafi verið tekin, var birt í fjölmiðlum 14. september 2022, auk þess sem kröfugerðin virðist einnig lúta að aðkomu gagnaðila að máli kvartanda á síðari stigum. Sem fyrr greinir var kvörtun sett fram 10. maí 2023 og síðari viðbótargreinargerð kvartanda 27. ágúst 2023 en þá var ekki liðinn sá tveggja ára frestur sem getið er um í 4. gr. starfsreglna úrskurðarnefndarinnar. Kvartandi hefur að auki teft fram sjónarmiðum um umboðsskort gagnaðila frá upphafi. Vegna þessa hefur gagnaðili í öllum sínum greinargerðum og athugasemdum haft uppi ítarleg sjónarmið um að umboðsskortur hafi ekki verið til staðar og því hefur vörnum hennar ekki verið áfátt vegna þessa.

Að öllu framangreindu virtu telur úrskurðarnefndin rétt að leysa úr og taka afstöðu til þeirra krafna sem kvartandi setur fram, síðast með endanlegri kröfugerð kvartanda eins og hún birtist í viðbótargreinargerð hans 27. ágúst 2023, þar sem krafist er ógildingar á tilteknum ákvörðunum gagnaðila sem taldar eru upp í níu liðum.

3. Kröfur um ógildingu ákvarðana B fram til 30. júní 2022

Í kröfugerð kvartanda er þess krafist að ógiltar verði ákvarðanir gagnaðila á þeim grundvelli að hana hafi skort sérstakt hæfi, eins og nánar verður vikið að á eftir. Tilgreint er að umræddar ákvarðanir, sem kröfugerð kvartanda lýtur að, hafi verið teknar 29. desember 2021, 24. febrúar 2022, 25. febrúar 2022, 29. apríl 2022, 29. júní 2022, 1. september 2022, 6. september 2022, og 14. september 2022 og loks „öll aðkoma [gagnaðila] að máli [kvartanda] sem enn er ólokið.“ Hér verður tekið til skoðunar hið sérstaka hæfi gagnaðila. Eins og rakið er hér á eftir byggir kvartandi á því að skipunartími gagnaðila hafi runnið sitt skeið 30. júní 2022. Eftir það tímamark hafi hún ekki haft umboð til að taka ákvarðanir í máli kvartanda. Er því hvað hið sérstaka hæfi varðar tekin afstaða í þessum kafla til þeirra ákvarðana gagnaðila sem teknar voru fyrir 30. júní 2022.

Af hálfu kvartanda er á því byggt sem fyrr segir að gagnaðila hafi skort sérstakt hæfi til ákvarðana í máli kvartanda. Hún hafi verið vanhæf á grundvelli 6. töluliðar 1. mgr. 3. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Rétt er að taka fram að ekki er krafist ógildingar ákvarðana gagnaðila á þeim grundvelli að þær hafi verið efnislega rangar. Í því sambandi er enn fremur rétt að fram komi að úrskurðarnefnd fjallar ekki um málefni er varða starfslok starfsfólks þjóðkirkjunnar, sbr. 3. mgr. 1. gr. starfsreglna um úrskurðarnefndina nr. 36/2022-2023.

Úrskurðarnefndin fellst á að hæfisreglur stjórnslulaga eigi við um þær ákvarðanir gagnaðila sem teljast vera stjórnvaldsákvarðanir í skilningi laganna og stjórnsluréttar. Leiðir það af

þeim lagareglum sem gilda um presta sem nutu réttinda sem embættismenn samkvæmt lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Samkvæmt 4. tölulið 1. mgr. 22. gr. þeirra laga töldust prestar þjóðkirkjunnar embættismenn. Ákvæðið var fellt úr lögum með lögum nr. 153/2019 sem breyttu meðal annars lögum nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar og lögum nr. 70/1996. Með lögum nr. 153/2019 var jafnframt sett bráðabirgðaákvæði í lög nr. 78/1997 þar sem fram kom að það starfsfólk sem var skipað í embætti í skilningi laga nr. 70/1996 héldi þeim réttindum og skyldum sem af skipuninni leiddi út skipunartíma sinn en að öðru leyti færi um réttindi þess og skyldur samkvæmt starfsreglum settum af kirkjuþingi. Í núgildandi lögum nr. 77/2021 um þjóðkirkjuna kemur fram í 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis að starfsfólk þjóðkirkjunnar sem var skipað í embætti í skilningi laga nr. 70/1996 við gildistöku laga nr. 153/2019 haldi þeim réttindum og skyldum sem af skipuninni leiði út skipunartíma sinn, en að öðru leyti fari um réttindi þess og skyldur samkvæmt starfsreglum settum af kirkjuþingi. Samkvæmt framangreindu nýtur kvartandi réttinda og ber skyldur samkvæmt lögum nr. 70/1996. Í því felst að við ákvarðanatöku vegna kvartanda, sem teljast stjórnvaldsákvarðanir, bar gagnaðila að gæta að hæfisreglum stjórnsýslulaga.

Kvartandi byggir á því að vanhæfi gagnaðila sé til komið vegna þess að hún hafi áður en ákvörðun var tekin í máli kvartanda tekið afstöðu til málsins. Er meðal annars vísað til þess að 14. september 2022 hafi verið birt tilkynning á heimasíðu þjóðkirkjunnar um mál kvartanda. Í tilkynningunni hafi komið fram að teymi þjóðkirkjunnar hefði lokið störfum vegna máls er varðaði kvartanir vegna sóknarprests í þjóðkirkjunni. Skýrsla teymisins væri ítarleg og vel unnin. Niðurstaða teymisins væri að sóknarpresturinn hefði í tíu tilvikum orðið uppvís að háttsemi sem stríddi gegn ákvæðum 3. gr. reglugerðar nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum auk þess sem teymið mæti háttsemi hans í orði og athöfnum, eins og henni hefði verið lýst, ósæmilega, óhæfilega og ósamrýmanlega starfi hans sem sóknarprests. Í tveimur tilvikum mæti teymið háttsemi sóknarprestsins svo að hann hefði orðið uppvís að orðbundinni kynferðislegri áreitni gagnvart tveimur þolendum og í þremur tilvikum af kynbundinni áreitni gagnvart tveimur einstaklingum. Sóknarpresturinn hafi látið af störfum við prestakallið. Áformað væri að veita honum skriflega áminningu. Þjóðkirkjan myndi tryggja að það góða starf sem byggt hefði verið upp í prestakallinu yrði áfram við lýði og þeim sem það sæktu til blessunar. Þjóðkirkjan harmaði þann sársauka sem þolendur hefðu upplifað og að þjóðkirkjan hafnaði allri ofbeldismenningu og stæði ávallt með þolendum.

Auk þessa vísar kvartandi til þess að meintir þolendur hafi haldið því fram að gagnaðili hafi lýst yfir stuðningi við þá og þannig tekið afstöðu til málsins gagnvart kvartanda. Er í þessu sambandi vísað til færslu tiltekinnar konu, sem hafði verið fjallað um í skýrslu teymis þjóðkirkjunnar, á Facebook-síðu hennar 17. apríl 2023.

Við meðferð máls getur starfsmaður orðið vanhæfur ef hann hefur áður tjáð afstöðu sína til málsins með þeim hætti að ljóst þyki að hann hafi gert upp hug sinn til þess úrlausnarefnis sem hann leysir svo úr. Almennt verður þó að líta svo á að starfsmaður verði ekki vanhæfur þó að hann tjái sig um mál, ef ummælin byggja á málefnalegum sjónarmiðum eða tjáningin felur það

Í sér að aðeins er gerð grein fyrir málsatvikum. Eru þetta viðurkennd sjónarmið í stjórnsýslurétti en reglan um vanhæfi á þeim vettvangi er þrengri en til dæmis í réttarfarslögjöf.

Sem fyrr greinir er hér til skoðunar hvort gagnaðili hafi verið vanhæf til að taka ákvarðanir fyrir 30. júní 2022. Ekki er hægt að fallast á að vegna tjáningar sinnar 14. september 2022 hafi gagnaðili haft fyrir fram mótaða afstöðu til málsins og því verið vanhæf til ákvarðanatöku á fyrri stigum.

Sem fyrr segir vísar kvartandi einnig til færslu tiltekinnar konu á Facebook 17. apríl 2023 en konan var ein þeirra sem hafði kvartað undan háttsemi kvartanda og var fjallað um þá háttsemi í skýrslu teymis þjóðkirkjunnar. Í færslunni kemur meðal annars fram að gagnaðili „[hafi tekið] skýra afstöðu með okkur þolendum í fjölmiðlum og [hún sé] þakklát fyrir stuðning hennar og starfsfólks Biskupsstofu sem [hafi] verið ómetanlegt í þessu erfiða ferli [...] Guði sé lof að þar eig[i] [...] kvenprestarnir skjól!“ Ekki liggur fyrir til hvers er vísað varðandi stuðning gagnaðila. Nærtækast er þó að telja að um sé að ræða umrædda tilkynningu 14. september 2022 sem birt var í fjölmiðlum. Í ljósi tímasetningar umræddrar færslu og tilkynningarinnar, sem og þess að ummæli þriðja manns valda að jafnaði ekki vanhæfi starfsmanns, telur úrskurðarnefnd að ekki sé sýnt fram á að vegna þessa hafi gagnaðila skort sérstakt hæfi til töku þeirra ákvarðana í málinu sem hér um ræðir.

Með vísan til alls framangreinds er hafnað kröfum kvartanda um ógildingu ákvarðana gagnaðila á þeim grunni að hún hafi verið vanhæf vegna ákvarðana sem teknar voru fyrir 30. júní 2022. Kemur því næst til skoðunar hvort ógilda eigi ákvarðanir gagnaðila sem teknar voru eftir 30. júní 2022 vegna umboðsskorts og/eða vanhæfis.

4. Kröfur um ógildingu ákvarðana B eftir 30. júní 2022

Í kröfugerð kvartanda er þess krafist í fjórum liðum að ákvarðanir gagnaðila verði ógiltar á grundvelli umboðsskorts hennar. Tilgreint er að umræddar ákvarðanir, sem kröfugerð kvartanda lýtur að, hafi verið teknar 1. september 2022, 6. september 2022, og 14. september 2022 og loks „öll aðkoma [gagnaðila] að máli [kvartanda] sem enn er ólokið.“

Af hálfu kvartanda er á því byggt sem fyrr segir að skipunartími gagnaðila sem biskups Íslands hafi runnið sitt skeið 30. júní 2022. Hún hafi ekki verið endurkjörin og hafi því skort að lögum umboð til að gegna embætti biskups. Gagnaðili mótmælir þessu og telur sig hafa fullt umboð til að taka ákvarðanir er varða kvartanda. Sjónarmiðum aðila hvað þetta varðar hefur verið lýst ítarlega fyrr í úrskurði þessum.

Kröfur kvartanda í þessum þætti málsins eru sem fyrr segir í fjórum liðum og verða þær teknar til umfjöllunar hér á eftir.

Í fyrsta lagi krefst kvartandi þess að ógilt verði sú ákvörðun gagnaðila sem tekin var 1. september 2022 um að framlengja leyfi hans sem sóknarprests við Digraneskirkju. Engin gögn liggja fyrir um meinta ákvörðun tekna 1. september 2022 í málinu. Eins og fram hefur komið þá óskaði úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar eftir því við kvartanda með tölvuskeyti 1. ágúst 2023 að hann tilgreindi nánar hvaða ákvarðanir biskups krafist væri ógildingar á og hvenær þær hefðu

verið tekna. Í viðbótarathugasemdum kvartanda í máli þessu, dags. 27. ágúst 2023, kemur fram að umrædd ákvörðun hafi ekki verið tilkynnt honum með formlegum hætti. Eins og hér háttar til er ekki unnt að taka afstöðu til þess um hvaða ákvörðun er að ræða. Í því ljósi verður að hafna kröfunni án þess að til skoðunar komi hvort gagnaðila hafi að lögum skort umboð 1. september 2022 til þess að gegna stöðu biskups.

Í öðru lagi krefst kvartandi ógildingar ákvörðunar gagnaðila um „að setja mál [kvartanda] í áminningarferli 6. september 2022.“ Fyrir liggur í málinu að með bréfum 6. september 2022 tilkynnti gagnaðili að til stæði að veita kvartanda áminningu. Vísað var til niðurstöðu teymis þjóðkirkjunnar meðal annars um ósæmilega, ámælisverða og aðfinnsluverða háttsemi kvartanda. Vegna þessa áformaði gagnaðili að veita kvartanda skriflegt tiltal í samræmi við ákvæði 6.2.2 í kjarasamningi Prestafélags Íslands og þjóðkirkjunnar og skriflega áminningu samkvæmt 21. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins í ljósi þess að kvartandi nyti enn réttinda og bæri skyldur sem opinber starfsmaður. Vísað var til einstakra tilvika um háttsemi kvartanda. Fram kom í bréfinu að samkvæmt lögum nr. 70/1996 væri unnt að segja kvartanda upp störfum bætti hann ekki ráð sitt. Þá kom fram að áður en ákvörðun yrði tekin um hvort forsendur væru til frekari aðgerða væri kvartanda veittur frestur til að koma að andmælum vegna áforma gagnaðila. Var þess óskað að skriflegar athugasemdir og andmæli bærust eigi síðar en 19. september.

Ákvörðun og tilkynning um að fyrirhugað sé að veita áminningu á grundvelli 21. gr. laga nr. 70/1996 bindur ein og sér ekki enda á mál. Að hefðbundnum stjórnáráðum er því almennt ekki unnt að fella slíka ákvörðun úr gildi. Eins og hér háttar til telur úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar að skoða verði tilkynningu um að fyrirhugað hafi verið að veita kvartanda áminningu í samhengi við tilkynninguna sem birtist svo 14. september 2022 á vef þjóðkirkjunnar.

Í tilkynningunni 14. september 2022 kom fram að teymi þjóðkirkjunnar hefði lokið störfum vegna máls er varðaði kvartanir vegna sóknarprests í þjóðkirkjunni. Skýrsla teymisins væri ítarleg og vel unnin. Niðurstaða teymisins væri sú að sóknarpresturinn hefði í tíu tilvikum orðið uppvís að háttsemi sem stríddi gegn ákvæðum 3. gr. reglugerðar nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum auk þess sem teymið mæti háttsemi hans í orði og athöfnum, eins og henni hefði verið lýst, ósæmilega, óhæfilega og ósamrýmanlega starfi hans sem sóknarprests. Í tveimur tilvikum mæti teymið háttsemi sóknarprestsins svo að hann hefði orðið uppvís að orðbundinni kynferðislegri áreitni gagnvart tveimur þolendum og í þremur tilvikum af kynbundinni áreitni gagnvart tveimur einstaklingum. Sóknarpresturinn hafi látið af störfum við prestakallið. Áformað væri að veita honum skriflega áminningu.

Fyrir liggur að þegar bréf gagnaðila voru send til kvartanda og lögmanns hans 6. september 2022 og tilkynningin birt 14. september sama ár hafði kvartandi verið í leyfi frá störfum. Af gögnum málsins verður ráðið að tímabundið leyfi kvartanda hafi verið framlengt 29. júní 2022 til 1. september það ár en fram kemur í áliti teymis þjóðkirkjunnar að 29. júní 2022 „óskaði teymið eftir því við Biskupsstofu að leyfi [kvartanda] yrði framlengt til 1. september 2022. Var fallist á þá beiðni samdægurs.“ Með bréfunum 6. september og tilkynningunni 14. september

var gagnaðili því að taka afstöðu til þess réttarsambands sem var í gildi á milli kvartanda og þjóðkirkjunnar og meðal annars tilkynna kvartanda að hann „hafi látið af störfum við prestakallið.“

Úrskurðarnefndin telur að líta verði svo á, þrátt fyrir mótmæli gagnaðila þar að lútandi, að umrædd tilkynning 14. september 2022 hafi stafað frá gagnaðila. Er í því sambandi vísað til þess að gagnaðili hafði sama dag sent kvartanda tilkynninguna með tölvuskeyti og tiltekið í skeytinu að hún hefði reynt að hringja í kvartanda til að upplýsa hann um að tilkynningin yrði send út síðar þann dag. Gagnaðili fer svo hvað sem öðru líður með æðstu yfirstjórn kirkjunnar, eftir atvikum ásamt öðrum samkvæmt fyrirmælum laga og reglna þjóðkirkjunnar. Er því ekki fallist á með gagnaðila að það hafi þýðingu hvað almennt hæfi hennar varðar að tilkynningin hafi verið send út í nafni þjóðkirkjunnar.

Í ljósi alls framangreinds telur úrskurðarnefndin að kvartandi hafi hagsmuni af því að tekin sé afstaða til lögmætis þeirra tilkynninga sem hann fékk með bréfum 6. september 2022. Hlutverk úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar er að taka afstöðu til ákvarðana af þessu tagi. Þannig segir í 1. gr. starfsreglna um úrskurðarnefndina nr. 36/2022-2023 að nefndin skuli úrskurða í málum vegna ágreinings á kirkjulegum vettvangi eða þegar starfsmaður eða trúnaðarmaður er borinn sökum um agabrot eða annað brot í starfi. Með ágreiningi á kirkjulegum vettvangi sé átt við ágreining sem varði með einhverjum hætti kirkjulegt starf eða starfsemi á vegum kirkjunnar.

Við mat á framangreindu kemur til skoðunar hvort gagnaðili hafi verið bær til að beina slíkum tilkynningum til kvartanda sem hún gerði 6. og 14. september 2022.

Sem fyrr segir byggir kvartandi á því að skipunartími gagnaðila sem biskup Íslands hafi runnið sitt skeið 30. júní 2022. Hún hafi ekki verið endurkjörin eftir það og hafi því skort að lögum umboð til að gegna embætti biskups. Með öðrum orðum er byggt á því að gagnaðili hafi ekki lengur verið biskup Íslands þegar tilgreindar ákvarðanir voru teknar í september 2022.

Almennt verður að líta svo á að ákvörðun starfsmanns, sem tekin er að liðnum skipunartíma í embætti, sé markleysa. Aðili sem ekki hefur lengur stöðu að lögum til að gegna starfi sem um ræðir vegna þess að skipunartími hans er útrunninn getur ekki tekið þátt í undirbúningi eða meðferð máls að neinu leyti.

Gagnaðili var skipað biskup Íslands af forseta Íslands 1. júlí 2012 á grundvelli laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Á þeim tíma giltu einnig um stöðuna ákvæði laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Í 4. tölulið 1. mgr. 22. gr. þeirra laga var tiltekið að biskup teldist embættismaður. Í 1. mgr. 23. gr. kemur fram að embættismenn skulu skipaðir tímabundið, til fimm ára í senn, nema annað sé tekið fram í lögum. Í 2. mgr. 23. gr. kemur fram að ef maður hefur verið skipaður í embætti samkvæmt 1. mgr. skuli honum tilkynnt eigi síðar en sex mánuðum áður en skipunartími hans rennur út hvort embættið verði auglýst laust til umsóknar. Sé það ekki gert framlengist skipunartími hans í embætti sjálfkrafa um fimm ár, nema hann óski eftir að láta af störfum samkvæmt 1. mgr. 37. gr. laganna. Skipunartími gagnaðila rann út 30. júní 2017 en framlengdist sjálfkrafa til 30. júní 2022 á grundvelli ákvæðis 2. mgr. 23. gr. laga nr. 70/1996.

Áður en skipunartíma gagnaðila lauk 30. júní 2022 voru gerðar breytingar á löggjöf um biskupsembættið og um þjóðkirkjuna almennt sem ástæða er til að víkja að hér. Með lögum nr. 153/2019, sem tóku gildi 1. janúar 2020, voru meðal annars gerðar breytingar á lögum nr. 70/1996 og 78/1997. Sú meginbreyting varð með breytingalögunum að þjóðkirkjan tók sjálf við öllum starfsmönnum sínum og starfsmannamálum, auk launagreiðslna. Með breytingalögunum var því felldur út 4. töluliður 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996. Af því leiddi að hvorki biskup Íslands né aðrir starfsmenn þjóðkirkjunnar sem höfðu verið taldir upp í 4. tölulið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996 töldust lengur embættismenn. Með breytingalögunum nr. 153/2019 var enn fremur sett inn bráðabirgðaákvæði við lög nr. 78/1997 þar sem fram kom meðal annars að það starfsfólk þjóðkirkjunnar sem hafi verið skipað í embætti í skilningi laga nr. 70/1996 við gildistöku breytingalaganna héldi þeim réttindum og skyldum sem af skipuninni leiddi út skipunartíma sinn en að öðru leyti færi um réttindi þess og skyldur samkvæmt starfsreglum settum af kirkjuþingi.

Ný lög um þjóðkirkjuna tóku gildi 1. júlí 2021, sbr. lög nr. 77/2021, og leystu af hólmi lög nr. 78/1997. Í frumvarpi til laganna kom meðal annars fram að með því væri stefnt að því að einfalda regluverk þjóðkirkjunnar og auka mjög sjálfstæði hennar með því að fela kirkjuþingi ákvörðunarvald í mun meira mæli með setningu starfsreglna um helstu málefni hennar. Í 1. mgr. 10. gr. segir að um biskupskjör fari eftir starfsreglum kirkjuþings, sbr. 1. mgr. 8. gr., þar sem fram kemur meðal annars að kirkjuþing setji starfsreglur um málefni þjóðkirkjunnar, þar á meðal um skipulag kirkjuþings, svo sem kjör til þess, kjördæmaskipan, fjölda kirkjuþingsmanna, þingsköp og verkefni þingsins. Í 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis við lög nr. 77/2021 kemur fram að starfsfólk þjóðkirkjunnar sem var skipað í embætti í skilningi laga nr. 70/1996, við gildistöku laga nr. 153/2019, haldi þeim réttindum og skyldum sem af skipuninni leiði út skipunartíma sinn, en að öðru leyti fari um réttindi þess og skyldur samkvæmt starfsreglum settum af kirkjuþingi.

Eins og að framan greinir var skipunartími gagnaðila runninn út þegar hún sendi kvartanda og lögmanni hennar bréf 6. september 2022 sem og þegar send var út tilkynning 14. september sama ár, sem gagnaðili hafði áður sent kvartanda í tölvuskeyti.

Gagnaðili hefur borið því við að hún hafi gegnt áfram starfi biskups eftir 30. júní 2022 á grundvelli samningsbands. Þjóðkirkjan hafi gert ráðningarsamning við hana 1. júlí 2022. Umræddur samningur er undirritaður af gagnaðila og framkvæmdastjóra biskupsstofu fyrir hönd þjóðkirkjunnar. Samkvæmt samningnum var gagnaðili ráðin til starfa til að gegna embætti biskups Íslands tímabundið frá 1. júlí 2022 til og með 31. október 2024.

Samkvæmt lögum nr. 77/2021 er ráðgert að biskup Íslands sé kjörinn, sbr. 1. mgr. 10. gr. þar sem fram kemur að biskupskjör fari eftir starfsreglum kirkjuþings. Þótt biskup sé ekki skipaður lengur í embætti og þó að með tilgreindum lögum hafi verið leitast við að auka verulega sjálfstæði þjóðkirkjunnar, verður ekki fallist á að biskup Íslands verði ráðinn til starfa með ráðningarsamningi eða skipunartími hans framlengdur með þeim hætti, jafnvel þó gera megi eftir atvikum ráðningarsamning um önnur atriði. Samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laganna fer biskup Íslands með yfirstjórn þjóðkirkjunnar eftir því sem kirkjuþing mælir nánar fyrir um. Á aukakirkjuþingi 2021 var samþykkt þingsályktunartillaga forsætisnefndar kirkjuþings um

stjórnskipan kirkjustjórnarinnar. Yfirstjórn þjóðkirkjunnar skiptist samkvæmt henni í tvö ábyrgðarsvið, embætti biskups annars vegar og kirkjuþing hins vegar. Biskup Íslands annast grunnþjónustu og málefni biskupsstofu. Ráðningarsamningur gagnaðila er eins og komið hefur fram undirritaður af framkvæmdastjóra biskupsstofu en biskupsstofa er stjórnareining sem heyrir undir biskup. Ráðningarsamningur gagnaðila við þjóðkirkjuna frá 1. júlí 2022 var því hvað sem öðru líður að engu hafandi þar sem hann var gerður af undirmanni gagnaðila.

Gagnaðili hefur einnig bent á að áður en ráðningarsamningurinn var undirritaður 1. júlí 2022 hafði borist bréf frá forseta kirkjuþings 29. júní 2022 þar sem því var lýst yfir að gagnaðili myndi gegna embætti sínu til og með 30. júní 2023. Þá hefur gagnaðili byggt á því að kirkjuþing hafi dregið að setja starfsreglur um biskupskjör og á því beri gagnaðili enga ábyrgð. Þannig hafi ekki verið settar starfsreglur um kjörið eftir að lög nr. 77/2021 tóku gildi 1. júlí 2021. Kirkjuþingi hafi borið að setja starfsreglurnar eigi síðar en 31. desember 2021 samkvæmt 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis við lögin. Það hafi hins vegar ekki verið fyrr en 28. mars 2022 að settar hafi verið nýjar starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 9/2021-2022. Þegar þær starfsreglur hafi litið dagsins ljós hafi þó enginn reki verið gerður að því að boða til biskupskjörs.

Við mat á þýðingu þessa er til þess að líta sem rakið er hér að framan að samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laga nr. 77/2021 fer biskupskjör eftir starfsreglum kirkjuþings. Samkvæmt 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis við lög nr. 77/2021 skyldu starfsreglur og samþykktir sem kirkjuþing setti eða samþykkti í gildistíð laga nr. 78/1997 halda gildi sínu, eftir því sem við átti, þar til kirkjuþing hefði fellt þær niður, breytt þeim eða sett eða samþykkt nýjar, þó eigi síðar en 31. desember 2021. Nýjar starfsreglur nr. 9/2021-2022 voru settar af hálfu kirkjuþings og samkvæmt 19. gr. þeirra tóku þær gildi 1. janúar 2022 og féllu þá úr gildi eldri reglur nr. 333/2017 með síðari breytingum. Í 2. gr. starfsreglnanna er kveðið á um að kjörtímabil biskups Íslands og vígslubiskupa skuli vera sex ár í senn. Samkvæmt 8. gr. þeirra ákveður kjörstjórn hvenær kjörgögn skuli send þeim sem kosningabærir eru við kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa.

Samkvæmt starfsreglum nr. 9/2021-2022, sem settar voru áður en skipunartími gagnaðila rann út, er það því í höndum kjörstjórnar, að fengnu samþykki forsætisnefndar kirkjuþings, að ákveða hvenær kosning biskups fer fram, sbr. 8. gr. Er rétt að rekja það hvers vegna biskupskjör fór ekki fram þegar fyrir lá að skipunartími gagnaðila rann út 30. júní 2022.

Í bréfi forseta kirkjuþings til gagnaðila 29. júní 2022 eru raktar þær reglur sem giltu um embætti biskups. Vísað var til þess að lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins hafi verið í gildi þegar skipunartími gagnaðila framlengdist frá 1. júlí 2017 til 30. júní 2022. Síðan hafi regluverki þjóðkirkjunnar verið breytt, sbr. lög 77/2021, en í þeim lögum væri kveðið á um að starfsfólk þjóðkirkjunnar sem skipað hefði verið í gildistíð laga nr. 70/1996 héldi þeim réttindum og skyldum sem af skipuninni leiddi út skipunartíma sinn en að öðru leyti færi um réttindi og skyldur eftir starfsreglum settum af kirkjuþingi. Vísað var til þess að samkvæmt starfsreglum nr. 9/2021-2022 væri kjörtímabil biskups Íslands sex ár í senn. Í bréfinu sagði svo: „Það er niðurstaða forseta kirkjuþings að skýra beri öll framangreind ákvæði svo að biskup

Íslands gegni embætti sínu í sex ár frá 1. júlí 2017 að telja. Biskup mun því gegna embætti sínu að óbreyttu til og með 30. júní 2023.“

Lögmaður gagnaðila svaraði bréfi forseta kirkjuþings með bréfi 21. október 2023 þar sem fram kom meðal annars að nærtækast væri að túlka kjörtímabil gagnaðila samkvæmt 2. gr. starfsreglna nr. 9/2021-2022 þannig að nýtt kjörtímabil hafi hafist við gildistöku þeirra 1. janúar 2022 eða ella við samþykkt þeirra 28. mars 2022. Gagnaðili hefði því að óbreyttu rétt á að gegna embættinu fram til 31. desember 2028 eða ella til 27. mars árið eftir.

Formaður kjörstjórnar biskupskjörs sendi forseta kirkjuþings bréf 1. febrúar 2023 þar sem óskað var upplýsinga um stöðu málsins hvað varðaði starfslok gagnaðila.

Forseti kirkjuþings svaraði bréfi formanns kjörstjórnar með bréfi 28. febrúar 2023 þar sem fram kom að gagnaðili „hyggst láta af embætti 1. júlí 2024 skv. opinberri yfirlýsingu sinni“ og að forsætisnefnd kirkjuþings myndi því ekki leggja fram þingmál varðandi biskupskjör á kirkjuþingi 2022-2023.

Sama dag, 28. febrúar 2023, sendi forseti kirkjuþings lögmanni gagnaðila bréf þar sem vísað var til bréfs lögmannsins 21. október 2022. Þar kom fram að skipunartími gagnaðila hafi runnið út 1. júlí 2022. Ljóst væri eftir gildistöku laga nr. 77/2021 um þjóðkirkjuna að þau lög og starfsreglur kirkjuþings væru æðstu réttarheimildir kirkjunnar. Þar sem kirkjuþing hefði ekki komið saman eftir kosningar til kirkjuþings í maí 2022 hafi ekki legið fyrir skýr lagagrundvöllur fyrir framlengingu þjónustutíma gagnaðila. Forseti kirkjuþings og gagnaðili hefðu rætt málið vorið 2022. Þá sagði í bréfinu: „Til að girða fyrir óvissu um umboð biskups til að gegna embætti biskups Íslands eftir 1. júlí 2022 og þar sem ráðuneyti kirkjumála hafði ekkert aðhafst í málinu, mat forseti kirkjuþings það svo, eftir samráð við biskup, að rétt væri að framlengja þjónustutímann til 1. júlí 2023 og nýta til þess neyðarrétt og staðfesti forseti það bréflaga, dags. 29. júní 2022.“ Loks kom fram að nú lægi fyrir að biskup hygðist láta af embætti 1. júlí 2024 samkvæmt opinberri yfirlýsingu sinni og hefði ekki óskað umfjöllunar kirkjuþings 2022 til 2023 um þjónustutíma sinn. Lögum samkvæmt væri það skylda kjörstjórnar þjóðkirkjunnar að meta og ákveða næstu skref varðandi biskupskjör.

Formaður kjörstjórnar sendi forseta kirkjuþings bréf 15. mars 2023 þar sem vísað var til fyrri samskipta og bréfa sem getið er um hér að framan. Tiltekið var að það væri ekki á valdi kjörstjórnar að ákveða framlengingu á þjónustutíma biskups eftir að framlenging sú sem nefnd hafði verið af hálfu forseta rynni út 1. júlí 2023. Af bréfi forseta kirkjuþings mætti ráða að forsætisnefnd kirkjuþingsins hefði fallist á með biskupi að umboð og þjónustutími hennar framlengdist um eitt ár, til 1. júlí 2024.

Samkvæmt öllu framangreindu verður ráðið að biskupskjör hafi ekki farið fram við lok skipunartíma gagnaðila 30. júní 2022 vegna samkomulags sem forseti kirkjuþings virðist hafa gert við gagnaðila um að þjónustutími gagnaðila framlengdist um eitt ár, til mánaðamóta júní og júlí 2023, sbr. bréf forseta kirkjuþings þess efnis 29. júní 2022. Í bréfi forseta kirkjuþings 28. febrúar 2023 er því lýst að þetta hafi verið gert á grundvelli neyðarréttar. Gagnaðili mun svo hafa lýst því yfir að hún hygðist sitja sem biskup Íslands ári lengur eða til 1. júlí 2024 og

verður ekki annað ráðið en að forseti kirkjuþings hafi einnig fallist á að henni væri það tækt, sbr. bréf hennar 28. febrúar 2023.

Það er ekki á forræði forseta kirkjuþings eða forsætisnefndar þingsins að kveða á um framlengingu starfstímabils biskups Íslands, hvað þá þess aðila sem gegnir stöðu biskups Íslands hverju sinni. Að mati úrskurðarnefndarinnar getur því afstaða forseta kirkjuþings sem birtist í bréfum 29. júní 2022 og 28. febrúar 2023 ekki haft nein réttaráhrif hvað varðar skipunartíma gagnaðila þegar fyrir liggur regluverk sem kveður á um að kjör skuli fara fram og enn síður gat gagnaðili tilkynnt að hún hygðist starfa lengur en skipunartími hennar kvað á um.

Samkvæmt framansögðu geta yfirlýsingar aðila um skipunar- eða þjónustutíma gagnaðila almennt ekki haft réttaráhrif, nema þær yfirlýsingar feli í sér lýsingu á réttarstöðunni eins og hún er samkvæmt þeirri lagaumgjörð sem um íslensku þjóðkirkjuna gildir. Kemur til skoðunar í þeim efnum að gagnaðili hefur í greinargerð fyrir úrskurðarnefndinni bent á að nokkrir skýringarkostir séu til staðar, aðrir en að vinnuréttarsamband hafi verið til staðar á milli þjóðkirkjunnar og hennar.

Gagnaðili bendir þannig á að líta megi svo á að kjörtímabil hennar hafi í raun verið sex ár frá 1. júlí 2022. Er í þeim efnum vísað til 2. gr. starfsreglna um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 9/2021-2022 þar sem fram kemur að kjörtímabil biskups sé sex ár. Þá hefur gagnaðili hvað þetta varðar vísað til 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis með lögum nr. 77/2021 um þjóðkirkjuna þar sem fram kemur að það starfsfólk þjóðkirkjunnar sem skipað var í embætti á grundvelli laga nr. 70/1996 héldi þeim réttindum og skyldum sem af skipuninni leiddi en að öðru leyti fari um réttindi þess og skyldur samkvæmt starfsreglum settum af kirkjuþingi. Þau réttindi sem starfsreglurnar mæltu fyrir um væri sex ára kjörtímabil.

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar getur ekki fallist á þessa skýringu. Fyrir liggur samkvæmt framangreindu að skipunartími gagnaðila rann út 30. júní 2022 á grundvelli þeirra reglna sem áttu við um skipunartímamann þegar hann framlengdist árið 2017. Ákvæði 2. gr. starfsreglna nr. 9/2021-2022 eiga ekki við um skipunartíma biskups sem var í embætti þegar reglurnar voru settar.

Með sama hætti getur það ekki haft þýðingu að tiltekna fastanefndir innan þjóðkirkjunnar hafi fallist á að þjónustutími eða umboð gagnaðila framlengdist, eins og gagnaðili bendir á að kunni að vera tækur skýringarkostur. Er í þeim efnum vísað til þess sem að framan greinir um að það er ekki á forræði einstakra stofnana þjóðkirkjunnar að framlengja lögbundinn skipunartíma biskups Íslands.

Loks hefur gagnaðili vísað til þess að leiða megi af 2. mgr. 23. gr. laga nr. 70/1996 að skipunartími gagnaðila hafi framlengst um fimm ár þar sem henni hafi ekki verið tilkynnt eigi síðar en sex mánuðum áður en skipunartími hennar rann út hvort embættið yrði auglýst laust til umsóknar. Fyrir liggur að þegar fimm ára skipunartími gagnaðila rann út árið 2017 framlengdist skipunartími hennar sjálfkrafa um önnur fimm ár. Á þeim tíma voru í gildi lög nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Í þeim lögum kom meðal annars fram að forseti Íslands skipaði biskup Íslands, sbr. 9. gr. Þá var í gildi 4. töluliður 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996 sem tiltók að biskup Íslands væri embættismaður. Um skipunina árið 2017 gilti því

ákvæði 23. gr. sem kveður á um að embættismenn skulu skipaðir tímabundið, til fimm ára í senn, nema annað sé tekið fram í lögum, sbr. 1. mgr. Enn fremur segir í 2. mgr. að hafi maður verið skipaður í embætti samkvæmt 1. mgr. skuli honum tilkynnt eigi síðar en sex mánuðum áður en skipunartími hans rennur út hvort embættið verði auglýst laust til umsóknar. Sé það ekki gert framlengist skipunartími hans í embætti sjálfkrafa um fimm ár, nema hann óski eftir því að láta af störfum með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 37. gr.

Þegar síðari fimm árin af skipunartíma gagnaðila runnu sitt skeið árið 2022 hafði staðan breyst hvað þetta varðar þannig að fyrst höfðu verið sett lög nr. 153/2019 sem breyttu meðal annars lögum nr. 78/1997 og lögum nr. 70/1996 með þeim hætti að biskup Íslands var ekki lengur embættismaður. Þá höfðu tekið gildi lög nr. 77/2021. Í þeim kemur fram í 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis að starfsfólk þjóðkirkjunnar sem var skipað í embætti í skilningi laga nr. 70/1996 við gildistöku laga nr. 153/2019 haldi þeim réttindum og skyldum sem af skipuninni leiði út skipunartíma sinn, en að öðru leyti fari um réttindi þess og skyldur samkvæmt starfsreglum settum af kirkjuþingi. Úrskurðarnefndin getur ekki fallist á að með því að kveðið var á um í bráðabirgðaákvæðinu að tiltekið starfsfólk héldi réttindum og skyldum sem af skipun þeirra leiddi hafi 2. mgr. 23. gr. átt við um gagnaðila með þeim hætti að skipunartími hennar hafi framlengst um önnur fimm ár. Er í því sambandi til þess að líta að bráðabirgðaákvæðið kveður aðeins á um að réttindi og skyldur þeirra, sem það á við um, gildi út skipunartíma viðkomandi, í tilviki gagnaðila til 30. júní 2022. Líta verður svo á að hefðbundin sjónarmið um lagaskil hafi gilt eftir setningu laga nr. 77/2021. Þannig hafi eftir gildistöku þeirra 1. júlí 2021 verið áskilið að biskupskjör færi fram samkvæmt starfsreglum kirkjuþings, sbr. 1. mgr. 10. gr. laganna, og gagnaðili gæti ekki leitt stöðu sína sem biskup af eldri lagagrundvelli. Í þessu sambandi má hafa til hliðsjónar bréf umboðsmanns Alþingis í máli nr. 11959/2022. Samkvæmt framansögðu gildi regluverk laga nr. 77/2021 við lok skipunartíma gagnaðila 30. júní 2022. Af því leiðir að kjósa þurfti biskup Íslands eftir starfsreglum kirkjuþings. Þar eð slík kosning fór ekki fram leiddi af starfsreglum kirkjuþings að staðgengill gagnaðila var bær til að sinna störfum biskups Íslands þar til kjör færi fram.

Samkvæmt öllu framansögðu rann skipunartími gagnaðila sem biskup Íslands út 30. júní 2022. Engin lögsmæt skipun eða framlenging á skipunartíma hefur átt sér stað frá þeim tíma. Ákvarðanir gagnaðila gagnvart kvartanda 6. september 2022 voru því ekki teknar af þar til bærum aðila.

Almennt verður að líta svo á að ákvörðun starfsmanns, sem tekin er að liðnum skipunartíma í embætti, sé markleysa. Eins og vikið hefur verið að þá bindur tilkynning um fyrirhugaða áminningu ekki enda á mál. Hins vegar var komist að þeirri niðurstöðu hér að framan að kvartandi hefði lögvarða hagsmuni af því að fá skorið úr um lögsmæti þeirrar tilkynningar að til stæði að áminna hann 6. september 2022 og að skoða yrði þá tilkynningu í samhengi við tilkynninguna frá 14. september 2022. Þá er áréttað að ágreiningurinn sem uppi er hvað þetta varðar fellur undir ágreining á kirkjulegum vettvangi, sbr. 2. mgr. 1. gr. starfsreglna úrskurðarnefndarinnar.

Í þessum efnunum er til þess að líta að starfsmaður sem ekki er lengur bær til þess að taka ákvarðanir vegna þess að skipunartími hans er útrunninn getur ekki tekið þátt í undirbúningi

eða meðferð máls að neinu leyti. Gat gagnaðili því ekki með réttu tilkynnt kvartanda að til stæði að veita honum áminningu. Verður því að fella þá ákvörðun úr gildi.

Í þriðja lagi er krafist ógildingar á ákvörðun sem birt var í fjölmiðlum 14. september 2022 „um að víkja megi [kvartanda] úr starfi sóknarprests Digraneskirkju.“

Með vísan til framangreindrar umfjöllunar gat gagnaðili ekki tekið ákvarðanir í máli kvartanda eftir 30. júní 2022. Verður því fallist á að ógilda beri ákvörðun sem gagnaðili tilkynnti 14. september 2022 um að kvartandi væri ekki lengur starfsmaður við Digranesprestakall og áformað væri að veita honum áminningu.

Rétt er að taka fram að úrskurðarnefndin lítur ekki svo á að ákvörðun hafi verið tekin um endanleg starfslok kvartanda, fremur að hann kæmi ekki til starfa á ný í því prestakalli sem hann hafði áður starfað við. Fær það meðal annars stoð í þeim gögnum sem gagnaðili sendi kvartanda sama dag og tilkynningin var send út, 14. september 2022. Þá er til þess að líta að úrskurðarnefndin fjallar ekki um málefni sem varðar ráðningar eða starfslok starfsfólks þjóðkirkjunnar, sbr. 3. mgr. 1. gr. starfsreglna um úrskurðarnefndina nr. 36/2022-2023.

Í fjórða lagi gerir kvartandi kröfu um að ógild verði „öll aðkoma [gagnaðila] að máli [kvartanda] sem enn er ólokið.“ Það er ekki á færi úrskurðarnefndarinnar að fjalla um ákvarðanir sem kunna að vera teknar á síðari stigum og eru háðar síðar tilkomnum atvikum. Þegar af þeirri ástæðu er kröfu þessari hafnað.

Eins og áður greinir gerir kvartandi einnig þær kröfur að ógildar verði ákvarðanir gagnaðila eftir 30. júní 2022 á grundvelli vanhæfis gagnaðila. Þar sem gagnaðili hafði ekki umboð til að taka umræddar ákvarðanir 6. og 14. september 2022 kemur ekki til skoðunar hvort hún hafi verið vanhæf til að taka þær ákvarðanir.

Með vísan til alls framangreinds verður fallist á ógildingu ákvarðana gagnaðila annars vegar 6. september 2022 þar sem gagnaðili tilkynnti kvartanda að áformað væri að veita honum áminningu og hins vegar 14. september 2022 þar sem tilkynnt var að áformað væri að veita kvartanda áminningu og að kvartandi væri ekki lengur starfsmaður við Digranesprestakall. Kröfum kvartanda er að öðru leyti hafnað.

Úrskurðarorð:

Fallist er á ógildingu á ákvörðunum gagnaðila, B, sem hún tók í máli kvartanda, A, 6. september og 14. september 2022. Kröfum kvartanda er að öðru leyti hafnað.

Reykjavík, 16. október 2023.


Elsa S. Þorkelsdóttir


Eiríkur Elís Þorláksson


Hreinn S. Hákonarson